



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Ársskýrsla

Starfsárið 2017 – 2018



Efnisyfirlit:

Inngangur og dagskrá aðalfundar	Bls. 3
Yfirlit yfir stjórn og aðildarfélög 2017 - 2018	Bls. 4 – 5
Fundargerð aðalfundar 2017	Bls. 6
Yfirlit yfir skipulag SFV	Bls. 7
Helstu atriði úr starfi samtakanna	Bls. 8 – 13
Yfirlit yfir verkefni helstu vinnuhópa SFV	Bls. 13 – 20
Málþing á starfsárinu	Bls. 20 – 24
Félagsfundir á starfsárinu og fundir stjórnar	Bls. 24 – 27
Blaðagreinar og fjölmiðlaumfjallanir	Bls. 28 – 33
Ýmislegt efni varðandi rammisamning SÍ	Bls. 33 – 42
Núgildandi lög SFV	Bls. 43 – 44
Fundarboð aðalfundar SFV 2018	Bls. 45
Breytingartillaga með fundarboði	Bls. 46 – 49
Ársreikningur SFV 2017	Bls. 50 – 54

Inngangur að ársskýrslu

Líkt og á síðasta starfsári hefur stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu ákveðið að halda þeim góða sið að gefa út formlega ársskýrslu eftir starfsárið. Birtist hér því ársskýrsla samtakanna, líkt og í fyrra, þó í mjög einföldu og látlausu broti sé.

Fjallað er um helstu þætti í starfinu á árinu 2017-2018 sem vonandi gefa lesendum góða innsýn í starf samtakanna. Eins og fram kemur í skýrslunni er starf samtakanna okkar ansi viðamikilið og verkefnum fjölgar þannig að þörfin fyrir Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hefur líklega aldrei verið meiri. Af mörgu er að taka í starfi ársins en mig langar þó sérstaklega að nefna hér persónuverndarmál sem komu af miklum þunga inn í starfsemi aðildarfélaganna á síðusta ári. Þessi mál hafa verið gríðarlega umfangsmikil undanfarna mánuði og meðal annars var að tillögu persónuverndarhóps SFV, ráðinn til samtakanna sérstakur persónuverndarfulltrúi á starfsárinu. Það er lögfræðingurinn Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir og er hún boðin velkomin til starfa. Gunnhildur, hefur í samvinnu við Eybjörgu framkvæmdastjóra, verið í fremstu röð í umræðunni um persónuverndarmál hér á landi.

Um leið og ég óska samtökunum okkar velfarnaðar á komandi ári, vil ég nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum, starfsmönnum, félagsaðilum, launanefndarfulltrúum og öðrum sem tekið hafa þátt í starfi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu 2017-2018.

Pétur Magnússon,
formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Aðalfundur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2018

Mánudaginn 16. apríl 2018

kl. 13:30 – 15:30

Krabbameinsfélaginu, Skógarhlíð

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV
2. Önnur mál

Kaffihlé

3. Ávarp heilbrigðisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2017 – 2018

Pétur Magnússon

petur.magnusson@hrafnista.is
GSM: 841 1600
Vinnusími: 585 9500

formaður

Hrafnista
Laugarási, 104 Reykjavík

Björn Bjarki Þorsteinsson

bjarki@brakarhlid.is
GSM: 660 8245
Vinnusími: 432 3180

varaformaður

Brákarhlíð hjúkrunar – og dvalarheimili
Borgarbraut 65, 310 Borgarnes

Ásgerður Th. Björnsdóttir

asgerdur@saa.is
GSM: 824 7631
Vinnusími: 530 7600

gjaldkeri

S.Á.Á.
Efstaleiti 7, 103 Reykjavík

Margrét Árdís Ósvaldsdóttir

margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3055
Vinnusími: 540 2400

ritari

Seljahlíð – heimili aldraðra
Hjallaseli 55, 109 Reykjavík

Anna Birna Jensdóttir

annabirna@soltun.is
Vinnusími: 590 6000

meðstjórnandi

Sóltúni
Sóltúni 2, 105 Reykjavík

Guðmundur Ármann Pétursson

Sagði sig úr stjórn í ágúst 2018
vegna breytinga í starfi

meðstjórnandi

Sólheimar
Grímsnesi, 801 Selfoss

Sigurður Rúnar Sigurjónsson

srs@eir.is
Vinnusími: 522 5700

meðstjórnandi

Eir hjúkrunarheimili
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík

Eybjörg H. Hauksdóttir

eybjorg@samtok.is
GSM: 898 9225
Vinnusími: 585 9531

framkvæmdastjóri

Skrifstofa SFV
Hrafnistu v/Laugarás, 104 Reykjavík

Aðildarfélög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2018

Ás, Hveragerði
Brákarhlíð, Borgarnesi
Dalbær, Dalvík
Droplaugarstaðir, Reykjavík
Dvalarheimili aldraðra í
Stykkishólmi
Eir, Reykjavík
Fellaskjól, Grundarfirði
Fellsendi, Dalasýslu
Grenilundur, Grenivík
Grund, Reykjavík
Hamrar, Mosfellsbæ
Heilbrigðisstofnun
Suðausturlands
Heilsuefningarmiðstöðin /
Leiðarljós, Reykjavík
Hjallatún, Vík í Mýrdal

Hlíðabær, Reykjavík
Hornbrekka, Ólafsfirði
Hrafnista Garðabæ, Ísafold
Hrafnista Hafnarfirði
Hrafnista Hlévangi
Hrafnista Kópavogi
Hrafnista Nesvöllum
Hrafnista Reykjavík
Hraunbúðir,
Vestmannaeyjum
Hulduhlíð, Eskifirði
Hvammur, Húsavík
Höfði, Akranesi
Jaðar, Ólafsvík
Karitas, Reykjavík
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli
Krabbameinsfélag Íslands

Lundur, Hellu
Múlabær, Reykjavík
Mörk, Reykjavík
S.Á.Á., Reykjavík
Seljahlíð, Reykjavík
Silfurtún, Dalabyggð
Sjálfsbjargarheimilið,
Reykjavík
Skjól, Reykjavík
Skógarbær, Reykjavík
Sólheimar, Grímsnesi
Sóltún, Reykjavík
Sundabúð, Vopnafirði
Sunnuhlíð (Vigdísarholt)
Uppsali, Fáskrúðsfirði
Öldrunarheimili
Akureyrarbæjar

Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2017- 2018



Aftari röð frá vinstri: Guðmundur Á. Pétursson, B. Bjarki Þorsteinsson, Pétur Magnússon og Sigurður R. Sigurjónsson
Fremri röð frá vinstri: Ásgerður Th. Björnsdóttir, Margrét Á. Ósvaldsdóttir, Eybjörg Hauksdóttir og Anna Birna Jensdóttir.

Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2017

Aðalfundur SFV haldinn á Hrafnistu í Garðabæ, Ísafold 3. apríl 2017 kl: 13.30.

Eybjörg H. Hauksdóttir (EHH) bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á B. Bjarka Þorsteinssyni (BBÞ) sem fundarstjóra sem var samþykkt með lófataki og tók hann við fundarstjórn og stakk upp á Margréti Á. Ósvaldsdóttur sem ritara fundarins sem einnig var samþykkt. BBÞ bauð svo formanni SFV, Pétri Magnússyni (PM) að fara yfir skýrslu stjórnar, en ársskýrslan var afhent á fundinum en hún verður líka send aðildarfélögum og verður aðgengileg á heimasíðu samtakanna www.samtok.is PM bauð fundarmenn einnig velkomna á þetta nýjasta Hrafnistuheimili og sagði af miklu afmælisári þeirra Hrafnistumanna. PM sagði aðildarfélög okkar vera með um 15-20% af útgjöldum til heilbrigðismála í landinu og stiklaði svo á stóru úr skýrslunni. Helst væri að segja frá sigrum síðasta starfsárs sem væru helst tveir, annars vegar lífeyrisskuldbindingamál hinna fjögurra fræknu, sem væri lokið og einnig væri á lokametrum samkomulag við sveitarfélagaheimilin og hins vegar gerð rammisamnings við SÍ. Nýlega voru samþykktar verklagsreglur fyrir starfsemi launanefndar SFV. Málþing og fræðsla til félaga væru stór þáttur í starfseminni, haldin var ein ráðstefna og eitt málþing og 5 félagsfundir auk aðalfundar, stjórnarfundir væru einu sinni í mánuði.

BBÞ tók fram að hann hefði í upphafi gleymt að fara yfir fundarboðunina. Fór hann yfir fundarboð aðalfundar sem sent var aðildarfélögum með lögbundnum tveggja vikna fyrirvara og lýsti hann löglegan. Bauð þá gjaldkera SFV að fara yfir ársreikninginn (einnig í ársskýrslunni), sem Ásgerður Björnsdóttir (ÁB) gerði. BBÞ bauð fundarmönnum að koma með fyrirspurnir til formanns og/eða gjaldkera um ársskýrsluna og ársreikninginn.

Gísli Páll Pálsson spurði hvar væri að finna leigu vegna 2015 og greinilegt væri að fjárhagsstaðan væri ekki góð. ÁB sagði leiguna vera inni í önnur gjöld og að enn ættu samtökin fyrir launakostnaði en síðar á fundinum yrði mælt fyrir hækkun aðildargjalda. Tryggvi hjá Sjálfsbjörg þakkaði stjórn vinnu við að ljúka lífeyrisskuldbindingamálum hinna 4 fræknu. GPP þakkaði stjórn einnig vel unnin störf.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru borin upp til atkvæða og samþykkt einróma með handaruppréttingu.

EHH mælti fyrir lagabreytingum á 3., 5., 6. og 10. gr, .sem sendar voru með fundarboði til aðalfundar og er að finna í ársskýrslunni. Athugasemd vegna breytinga á 3. gr. kom frá Sveini H. Skúlasyni. Hann benti á að skilja mætti ákvæðið sem svo að fyrirtæki í eigu ríkisins gætu ekki verið aðilar að samtökunum. Var í kjölfarið borin fram tillaga þess efnis að til viðbótar við boðaðar lagabreytingar yrði stjórn SFV falið að breyta ákvæðinu á þann veg að fyrirtæki í eigu ríkisins gætu líka átt aðild að samtökunum. Var sú tillaga og aðrar framlagðar lagabreytingar samþykktar samhljóða.

Kosningar til stjórnar – PM bauð sig til formennsku áfram – samþykkt, einnig buðu sig áfram fram þau BBÞ, ÁB, Anna Birna Jensdóttir og Margrét Árdís Ósvaldsdóttir. Úr stjórn ganga þeir Brynjar Þórsson frá HNLFI og Sveinn Magnússon frá Eir. Fram buðu sig Sigurður Rúnar Sigurjónsson frá Eir/Skjóli/Hömrum og Guðmundur Ármann Pétursson frá Sólheimum og var framboð þeirra samþykkt með lófataki og hinum þökkuð vel unnin störf í þágu SFV. Einnig buðu sig fram sem skoðunarmenn Guðmundur Jóhannsson og Ingibjörg Ólafsdóttir og voru þau kosin samhljóða.

EHH mælti fyrir hækkun árgjalda og samþykkti fundurinn þá tillögu.


PM vildi benda fundarmönnum á skýringarmynd á starfsskipulagi innan stjórnarinnar á bls. 9 í ársskýrslunni.

Að lokum voru tekin fyrir önnur mál, en enginn kvaddi sér hljóðs undir þeim lið, BBÞ þakkaði þá góða fundarsetu og bauð til kaffihlé og minnti á gest að því loknu, Guðlaugu Rakel Guðjónsdóttur frá LSH til að ræða fráflæðismál spítalans.

Fundi slitið kl: 14.40

Fundarritari: Margrét Á. Ósvaldsd.

Skipulag SFV



HELSTU ATRIÐI ÚR STARFI SAMTAKA FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU 2017 – 2018

Lífeyrismál

Lífeyrismál af ýmsu tagi voru fyrirferðarmikil á liðnu starfsári SFV. Frágangur vegna B – deildar skuldbindinga svonefndra sveitarfélagaheimila kláraðist ekki fyrr en seinnipart árs 2017. Þá komu upp mál varðandi fjármögnun á A – deild Brúar lífeyrissjóðs, en krafa um viðbótargreiðslur í Brú – lífeyrissjóð bárust mörgum hjúkrunarheimilum og öðrum aðilum sumarið 2017. Um haustið buðu SFV þessum aðildarfélögum auk stjórnendum sveitarfélaga, fulltrúa Brúar – lífeyrissjóðs og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til fundar þar sem málið var rætt. Þá var málið tekið upp af hálfu SFV á fundi samstarfsnefndar um rammasamning fyrir þjónustu hjúkrunarheimila og erindi send út til Sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrirspurnir sendar til lífeyrissjóðsins o.fl. Þær upplýsingar bárust svo frá lífeyrissjóðnum í nóvember 2017 að ríkið myndi standa skil á þessum greiðslum fyrir umrædda aðila.

Í október 2017 gekk ríkið frá samkomulagi við ASÍ um greiðslu sérstaks lífeyrisauka til félagsmanna tiltekins hluta aðildarfélaga ASÍ, auk hækkana til nokkurra starfsstétta á grundvelli launaskriðstryggingar. Þessum málum var vísað til launanefndar SFV til úrlausnar. Fundað hefur verið með fjármálaráðuneytinu, Sjúkratryggingum Íslands, velferðarráðuneytinu og heilbrigðisráðherra vegna þessa mála og er vonast eftir því að greiðslur til að mæta þessum kostnaði muni berast aðildarfélögum SFV á næstu vikum.

Þá eru enn þrjú aðildarfélög SFV sem ekki hafa fengið samþykki stjórnvalda fyrir yfirtöku ríkisins á B – deildar lífeyrisskuldbindingum félaganna þrátt fyrir þrýsting af hálfu SFV bæði með tölvupóstum og formlegu bréfi. Umrædd aðildarfélög gengu í samtökin eftir að skriflegt rammasamkomulag var gert við fjármálaráðuneytið um þessi mál árið 2014 og falla þau því ekki undir það samkomulag. Unnið er að úrlausn mála fyrir umrædd aðildarfélög og vonandi næst ásættanleg niðurstaða í því máli á komandi starfsári.

Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands

Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands fyrir þjónustu hjúkrunarheimila var gefinn út þann 21. október 2016. Samningurinn gildir til 31. desember 2018, en er með heimild til framlengingar til 31. desember 2020. SFV hafa þegar óskað eftir því með formlegum hætti að viðræður um framlengingu samningsins verði hafnar við fyrsta tækifæri.

Á grundvelli rammasamnings SÍ eru starfræktar samstarfsnefnd, samninganefnd og þónokkrir vinnuhópar um afmörkuð málefni. Talsvert hefur verið um fundarsetu og vinnu hjá fulltrúum SFV sem sitja í þessum nefndum og hópum á yfirstandandi starfsári. Samstarfsnefnd um rammasamning hittist einu sinni í mánuði og ræðir flest þau mál sem upp koma í tengslum við samninginn, auk þess sem einstök hjúkrunarheimili geta óskað eftir því að tiltekin mál séu tekin fyrir. Þar hafa reglulega verið ræddar undanþágur frá kröfulýsing rammasamningsins, greiðslur og fyrirkomulag vegna kostnaðarútlaga, auknar kröfur á hjúkrunarheimilin, einingarverð rammasamningsins o.fl. Ýmis mál hafa þegar komið upp sem aðilar sjá að þarf að huga að við endurskoðun samningsins.

Yfirlit yfir fulltrúa SFV í nefndum á grundvelli rammasamnings, auk ýmissa gagna í tengslum við þá vinnu má finna hér aftar í ársskýrslunni.

Samningaviðræður um dagdvalarrými

Samhliða útgáfu rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands fyrir þjónustu hjúkrunarheimila árið 2016, var undirritað samkomulag milli þáverandi heilbrigðisráðherra, SÍ, SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samningaviðræður vegna þjónustu í dagdvalarrýmum. Samkvæmt samkomulaginu áttu þær samningaviðræður að hefjast í janúar 2017. SFV hófu að ýta á eftir viðræðunum strax í byrjun árs 2017, bæði á fundum með SÍ sem og velferðarráðuneytinu og heilbrigðisráðherra. Tafir urðu hins vegar á málinu hjá ríkinu, bæði vegna nýs innkaupaferlis sem hefur tekið gildi um velferðarþjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup, en einnig þar sem umboð velferðarráðuneytisins til samningagerðar barst ekki SÍ fyrr en í árslok. Samningaviðræðurnar hófust því ekki fyrr en í janúar 2018. Af hálfu SFV sitja í samninganefnd: Pétur Magnússon (Hrafnista), Þórunn Bjarney Garðarsdóttir (Múlabær og Hlíðabær) og Eybjörg Hauksdóttir (SFV).

Ekki eru hins vegar allir rekstraraðilar dagdvalarrýma innan SFV. Bæði eru slík rými oft rekin í tengslum við félagsþjónustu sveitarfélaga og af sveitarfélögunum sjálfum, en einnig eru ekki allir rekstraraðilar dagdvalarrýma innan samtakanna. Erfitt er að ganga að samningaborði án góðrar samstöðu og boðuðu SFV því alla þessa aðila til fundar um samningaviðræðurnar í október 2017. Sá fundur þótti heppnast vel og var ákveðið að slíkir fundir yrðu haldnir með reglulegu millibili á meðan á viðræðum stæði. Boðað hefur verið til næsta fundar með þessum aðilum, auk rekstraraðila innan SFV, þann 24. apríl nk.

Frá því samningaviðræður hófust hafa SFV gert þá kröfu að samningsaðilar sammælist um að fá þriðja aðila til að kostnaðargreina þá þjónustu sem gerð er krafa um að veitt verði í dagdvalarrýmum, samkvæmt núverandi drögum velferðarráðuneytisins að kröfulýsingu fyrir þjónustuna. Þeirri beiðni SFV hefur ítrekað verið hafnað af hálfu velferðarráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands. Í mars sl. tók Hrafnista þá ákvörðun að ráða óháðan aðila til að framkvæma slíka kostnaðargreiningu og greiða fyrir þá þjónustu úr eigin vasa. Er vonin sú að með þessu náist fyrr fram alvöru umræða um hvaða þjónustu ríkið er tilbúið að kaupa og greiða fyrir í dagdvalarrýmum. Samkvæmt kostnaðargreiningunni, sem framkvæmd var af Nolta ehf., vantar í dag u.þ.b. 30% upp á núverandi greiðslur frá ríkinu og notendum þjónustunnar. Hefur verið gert hlé á viðræðunum á meðan ríkið fer yfir þessa niðurstöðu sín megin.

Kostnaðargreining Nolta ehf. og framhald viðræðna verður meginefni fundarins sem haldinn verður um dagdvalarviðræðurnar þann 24. apríl nk. og hvetjum við alla rekstraraðila í dagdvalarþjónustu til að mæta.

Persónuverndarsérfræðingur SFV

Þann 27. apríl 2016 undirrituðu forsetar Evrópuþingsins- og ráðsins reglugerð nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB. Reglugerðin öðlaðist gildi í maí 2016 og kemur til framkvæmda innan ESB frá og með 25. maí 2018. Þrátt fyrir að tafir hafi orðið á upptöku reglugerðarinnar í EES samninginn og lögfestingu hennar hér á landi þá er lagt upp með að hún komi til framkvæmda hér á sama tíma og innan ESB. Það hefur því verið mikill þrýstingur á íslensk fyrirtæki að hefja innleiðingarferlið.

Í byrjun maí 2017 var því stofnaður innan SFV vinnuhópur um persónuvernd. Alls voru um 25 aðildarfélög sem ákváðu að taka þátt í því verkefni. Fyrsti fundur vinnuhópsins var í byrjun júní 2017. Fljótlega kom í ljós að kostnaður við aðkeypta þjónustu sérfræðings vegna svona verkefnis yrði mikill. Komst vinnuhópurinn að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasta leiðin væri að ráða



Reykjavík, 19. október 2017

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir hdl. ráðin til starfa hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

SFV hafa ráðið Gunnhildi Erlu Kristjánsdóttur hdl. til starfa hjá samtökunum. Meginverkefni Gunnhildar verður að aðstoða tiltekin aðildarfélög innan SFV við að undirbúa og aðlaga starfsemi félaganna að nýrri persónuverndarlöggjöf sem kemur til framkvæmda árið 2018.

Gunnhildur er með BA gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og lauk meistaraprófi í lögfræði frá sama skóla árið 2008. Hún fékk lögmansréttindi árið 2011.

Síðustu sex ár hefur Gunnhildur starfað sem héraðsdómslögmaður hjá Libra lögmönnum, en áður starfaði hún m.a. sem lögfræðingur hjá skilanefnd Landsbankans og innan regluvörslu Landsbankans í Lúxemborg.

Gunnhildur mun hefja störf hjá samtökunum í byrjun desember nk.

Stjórn og starfsfólk SFV bjóða Gunnhildi velkomna til starfa.



sameiginlega starfsmann í fullt starf til að stýra þessu verkefni. Slíkur starfsmaður yrði sérhæfður í persónuvernd og þá einkum út frá þeirri starfsemi sem er í gangi innan aðildarfélaganna SFV, þ.e. starfsemi sem felur í sér umfangsmikla vinnslu heilsufarsupplýsinga og annarra viðkvæmra persónuupplýsinga. Slíkur persónuverndarsérfræðingur myndi enn fremur vera milliliður um samvinnu aðildarfélaganna í skjalagerð og ferlavinnu til að gera innleiðinguna alla með sem hagkvæmasta móti. Þá gæti slíkur starfsmaður í framhaldinu orðið persónuverndarfulltrúi þeirra fyrirtækja í vinnuhópnum sem það kjósa, en samkvæmt upplýsingum frá Persónuvernd mun öllum aðildarfélögum innan SFV vera skylt að vera með slíkan starfsmann frá og með 25. maí nk.

Haldinn var félagsfundur þann 14. ágúst sl. þar sem þetta verkefni var kynnt betur og öðrum aðildarfélögum samtakanna boðið að taka þátt í þessu. Í september 2017 var svo samþykkt af stjórn SFV að fara í ráðningarferli á grundvelli skriflegra samkomulaga við aðildarfélög vinnuhópsins. Skipað var í ráðningarnefnd, en í henni sátu formaður SFV, gjaldkeri og framkvæmdastjóri samtakanna. Starfið var auglýst um miðjan september og sóttu 10 hæfir umsækjendur um stöðu persónuverndarsérfræðings hjá samtökunum. Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir lögfræðingur var ráðin í starfið, en hún hafði áður starfað við regluvörslu hjá Landsbankanum í Lúxemborg og síðar sem héraðsdómslögmaður. Gunnhildur hóf störf um miðjan nóvember 2017 og var fyrsti fundur hennar með vinnuhópnum þann 1. desember 2017.

Á kynningarfundinum var farið yfir helstu ákvæði regluverksins og þau áhrif sem það kemur til með að hafa á starfsemi aðildarfélaganna. Í kjölfarið hófst innleiðingarvinna hjá aðildarfélögum með kortlagningu á vinnslu persónuupplýsinga innan fyrirtækjanna og gerð vinnsluskráa. Persónuverndarsérfræðingurinn hefur útbúið leiðbeiningar og skapalón til að auðvelda aðildarfélögum ferlið og haldnir hafa verið þrír fundir þar sem farið var nánar í aðferðarfræðina við verkefnið og fyrstu niðurstöður úr vinnsluskrám. Um er að ræða áframhaldandi verkefni sem kemur til með að vera í stöðugri þróun og endurskoðun. Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið og skapar aukið álag á starfsmenn stofnanna sem hafa þó staðið sig afar vel og sýnt metnað og áhuga við gera eins vel og hægt er miðað við aðstæður og takmarkaða fjármuni í verkefnið.

SFV hafa markvisst reynt að vekja athygli á erfiðri stöðu aðildarfélaganna við innleiðingarferlið. Samskipti við ráðuneyti, Persónuvernd og aðra opinbera aðila eru þar á meðal verkefna auk þess sem gripið hefur verið til greinaskrifa í fjölmiðlum.

Félagsfundur um persónuvernd var haldinn í ráðstefnusal Hótel Natura þann 5. mars sl. og héldu framkvæmdastjóri SFV og persónuverndarsérfræðingur erindi um verkefnið og framhald þess við góða áheyrn. Þar kom meðal annars fram mikilvægi þess að aðildarfélögin skipi persónuverndarfulltrúa og fjallað var um hlutverk hans og stöðu innan stofnana og hvaða leiðir eru í boði við skipun hans. Stendur aðildarfélögum SFV meðal annars til boða að gera þjónustusamning við persónuverndarfulltrúa á vegum samtakanna.

Verkefnin framundan eru mörg og umfangsmikil. Ákvæði um gífurlega háar sektarheimildir og öflugt eftirlitsyfirvald hafa skapað ákveðinn ótta og neikvæðni gagnvart regluverkinu sem er þó ætlað því göfuga hlutverk að vera til hagsbóta og aukinnar verndar fyrir okkur öll. Það er mikilvægt að aðildarfélögin geri sér grein fyrir umfangi verkefnisins og þeim úrbótum sem þarf að sinna til að uppfylla skilyrði löggjafarinnar en setji sér jafnframt markmið og aðgerðaráætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir nauðsyn og getu til framkvæmda. Samvinna aðildarfélaganna SFV í þessu ferli hefur verið ómetanlegt og standa vonir til um að svo verði áfram.

Handbók SFV fyrir hjúkrunarheimili

Hjúkrunarheimili starfa í samræmi við samning við Sjúkratryggingar Íslands, lög og reglugerðir. Stjórn SFV óskaði eftir því við Fagráð hjúkrunarstjórnenda að tekin yrði saman handbók til notkunar fyrir hjúkrunarheimili innan samtakanna. Verkefninu sem slíku og ferlinu er nánar lýst í skýrslu Fagráðsins sem er að finna hér síðar í ársskýrslunni.

Umsagnir til Alþingis

Talsvert af þingmálum voru send SFV til umsagnar á yfirstandandi starfsári. Skriflegum umsögnum var skilað inn af hálfu samtakanna hvað varðar eftirfarandi þingmál á starfsárinu 2017 – 2018 (í tímaröð):

- Þingmál nr. 431, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
- Þingmál nr. 438, frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir
- Þingmál nr. 439, frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Fjárlagafrumvarp 2018
- Þingmál nr. 26 frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir
- Þingmál nr. 27, frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Þingmál nr. 91, þingsályktunartillaga um dánaraðstoð
- Þingmál nr. 178, frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum).
- Þingmál nr. 202, frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.

Ofangreindar umsagnir voru mis umfangsmiklar. Sum þingmálin kölluðu einungis á einfalda afstöðu til málefnsins, á meðan önnur mál kölluðu á fundi með fagaðilum og hagsmunaaðilum sem undanfara að ítarlega rökstuddri gagnrýni.

Fundir, bréf og minnisblöð

Á starfsárinu var fundað talsvert með ýmsum aðilum, stjórnvöldum, þingnefndum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga ofl. vegna málefna aðildarfélaga SFV. Þá voru mörg bréf og minnisblöð send út til ýmissa aðila, þ.á.m. eftirfarandi (ekki tæmandi talning):

- Bréf á Embætti landlæknis vegna úttektar embættisins á RAI – mælitækjum og færni – og heilsumati
- Bréf á Sjúkratryggingar Íslands vegna aukins kostnaðar við þjónustu samkvæmt samningum SÍ
- Bréf á velferðarráðuneytið vegna vinnubragða við útdeilingu bráðabirgðarýma
- Bréf á velferðarráðuneytið með áskorun um breytingu lyfjareglugerða
- Bréf á Samband íslenskra sveitarfélaga vegna Brúar lífeyrissjóðs
- Bréf á Sjúkratryggingar Íslands vegna kostnaðarmats fjármálaráðuneytisins á kjarasamningum
- Bréf til velferðarráðuneytisins vegna kostnaðarmats nýrrar persónuverndarlöggjafar
- Bréf á fjármálaráðuneytið vegna sérstaks lífeyrisauka
- Bréf á Lyfjastofnun vegna lyfjareglugerða
- Bréf til Sjúkratrygginga Íslands vegna stöðu Fellsenda
- Bréf til Ríkiskaupa vegna nýrrar gjaldskrár
- Bréf til heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra vegna ófullnægjandi verðbóta 2018
- Erindi til fjárlaganefndar um vanreiknuð framlög fyrir árið 2018
- Minnisblað um drög að frumvarpi til nýrra laga um persónuvernd
- Minnisblað um starfsemi SFV
- Minnisblað um samningsbundnar hækkanir og auknar kröfur sem þarf að fjármagna
- Minnisblað um skaðabótamál Ellu Dísar Laursen

Þá fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri SFV á fund nokkurra aðildarfélagasamtakanna og ræddu þau mál sem aðildarfélögin töldu mikilvægust í sinni starfsemi og brýnast að taka á. Þá var farið yfir og rædd starfsemi SFV og hvernig hún væri að nýttast aðildarfélagunum. Slíkar heimsóknir voru farnar til eftirfarandi aðildarféлага:

Fellsendi, Búðardal
Hlíðabær, Reykjavík
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum
Krabbameinsfélagið, Reykjavík
Múlabær, Reykjavík

Ýmis starfsemi hópa og nefnda innan SFV

Á vegum SFV eru starfandi ýmsir hópar og nefndir sem vinna að fjölbreyttum málefnum. Hóparnir hittast ýmist með reglubundnum hætti eða eftir þörfum. Fundartíðnin er mjög misjöfn, sem og fjöldi fundarmanna og umfang verkefnanna. Í sumum vinnuhópnum eða nefndunum hafa verið skipaðir undirhópar, ýmist fastir undirhópar eða hópar utan um einstök verkefni. Hóparnir gefa aðildarfélög tækifæri til ýmiskonar samstarfs og geta í sér talsverðan ávinning fyrir þau félög sem taka þátt. Vinnuhópar SFV eru almennt opnir öllum aðildarfélögum samtakanna, en sumir þeirra eru sérstaklega fjármagnaðir af þátttakendum í vinnuhópnum.

Helstu verkefni vinnuhópanna á starfsárinu 2017-2018 hafa verið tekin saman af ábyrgðarmanni hvers vinnuhóps:

Fagráð hjúkrunar innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Ábyrgðarmaður: Anna Birna Jensdóttir.

Tilgangur með stofnun hóps: Stofna faglegan samráðsvettvang hjúkrunarstjórnenda innan aðildarfélagasamtakanna SFV. Hafa farveg fyrir faglegar umsagnir eða álitefni varðandi hjúkrun innan SFV. Í faghópnum eru framkvæmdastjórar/forstöðumenn hjúkrunar hjá aðildarfélögum SFV. Reglulegir fundir eru yfir árið þar sem tekin eru fyrir sameiginleg viðfangsefni.

Helstu verkefni fagráðsins voru:

Handbók Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir íbúa hjúkrunarheimila.

Settur var á fót vinnuhópur til að vinna að útgáfu handbókar til að auðvelda nýjum íbúum og ættingjum þeirra að átta sig á hvað sé innifalið í dvalargjaldi sem greitt er fyrir dvölinu frá Sjúkratryggingum Íslands og með lögbundinni greiðsluþátttöku íbúa. Í vinnuhópnum voru Anna Birna Jensdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar Sólúní, Ásgerður Gylfadóttir hjúkrunarstjóri HSU Hornarfirði, Birna Sif Atladóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar Ási, Helga Erlingsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar Öldrunarheimila Akureyrar, Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður hjúkrunar Hrafnistu Reykjavík og Svanlaug Guðnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í Sunnuhlíð. Vinnuhópurinn safnaði upplýsingum og fór yfir kröfulýsingu, lög, reglugerðir og þjónustusamninga. Útbúið var drög sem fjallað var um á fundum fagráðsins, endurbætur gerðar og lokadrög send stjórn SFV og SÍ. Lokahönd var síðan gerð á handbókinni á fundi fagráðsins 31. október 2017. Að teknu tilliti til ábendinga var handbókin síðan kynnt á almennum félagsfundi SFV 15. janúar 2018 og gefin út.

Athugasemdum sem Lyfjastofnun hefur gert við úttektir á hjúkrunar- og dvalarheimilum síðastliðin ár svarað af SFV.

Settur var á fót vinnuhópur til að yfirfara þær athugasemdir sem hjúkrunar- og dvalarheimili hafa fengið á síðastliðnum árum við eftirlit Lyfjastofnunar. Ljóst var að unnið er eftir úreltri reglugerð og margt þar sem mikilvægt var að færa til betri vegar. Ennfremur að hjúkrunar- og dvalarheimili gætu mætt töluvert af athugasemdum með breyttu vinnulagi. Álitsgerð vinnuhópsins var yfirfarin og samþykkt af fagráði SFV á fundi í Skógarbæ, 10. febrúar 2017. Greinargerð var síðan skilað til heilbrigðisyfirvalda af hálfu SFV.

Vinnuhópurinn skipuðu Sigríður Sigurðardóttir hjúkrunarstjóri fræðslu- og gæðamála hjá Mörk hjúkrunarheimili, María Fjóra Harðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Hrafnistu og Guðrún Berglind Jóhannesdóttir hjúkrunarforstjóri Hjallatúns.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur sett af stað vinnu við að endurskoða reglugerð um lyfjaskömmun og reglugerð um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. María Fjóra Harðardóttir er fulltrúi SFV í starfshópi ráðherra. Báðar eru þessar reglugerðir komnar til ára sinna og talin þörf á að endurskoða þær með hliðsjón af breyttum aðstæðum og kröfum sem eðlilegt þykir að gera í dag varðandi þá umsýslu með lyfjum sem reglugerðirnar taka til.

Handbók og leiðbeiningar við andlát íbúa og flutning af heimili

Fagráðið hefur einnig unnið með erindi frá stjórn SFV þess efnis að fagráðið útbúi handbók/leiðbeiningar við andlát heimilismanns og flutning af heimili. Settur var á fót vinnuhópur til að vinna drög. Hann skipa þær Jónbjörg Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í Skógarbæ, Ragnhildur G. Hjartardóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á hjúkrunarheimilinu Mörk og Sigrún Faulk framkvæmdastjóri hjúkrunar á Grund.

Önnur mikilvæg mál sem hafa verið til umfjöllunar hjá fagráðinu eru mönnunarmál, starfsfólkskortur, næring íbúa og vaxandi tíðni legusára hjá íbúum sem flytjast á hjúkrunarheimili. Áfengisvandamál íbúa og reykingar og erfiðleikar því tengt.

Mannauðshópur SFV

Ábyrgðarmaður: Eybjörg Hauksdóttir (SFV) og Berglind Hreinsdóttir (Hrafnistu)

Tilgangurinn með stofnun mannauðshópsins er að mynda vettvang fyrir umræður og samskiptum mannauðstengd málefni (önnur en beinlínis gerð kjarasamninga og stofnanasamninga) líkt og veikindastefnur, mönnunarmódel o.þ.h.

Eftirfarandi aðilarfélög eru með fulltrúa í vinnuhópnum: Sóltún, Hrafnista, Brákarhlíð, Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi, Eir, Skjól, Hamrar, Skógarbær, Öldrunarheimili Akureyrar, Höfði, Droplaugarstaðir, Grund, Ás, Mörk, Fellsendi, Sunnuhlíð, Lundur, Kirkjuhvoll og Hraunbúðir.

Helstu fundarefni og viðburðir á starfsárinu 2017 – 2018 voru þessir:

Kompás mannauður

Í maí og júní 2017 voru haldnir tveir fundir með forsvarsmanni Kompás fræðslu og þekkingarvefs. Mörg aðildarfélög í vinnuhópnum voru þegar með aðgang að vefsvæði sem heitir Kompás mannauður og var verið að rifja upp þau verkfæri og tól sem þar er að finna við mannauðsstjórnun. Þá var farið yfir hugmyndafræði verkefnisins og hvernig hægt væri að byggja upp þekkingu og samnýta gögn á grundvelli hugmyndafræði Kompás.

Mönnun og starfsmannamál

Mönnun í umönnun og fagmönnun í heilbrigðisþjónustu voru málefni sem oft komu til umræðu innan vinnuhópsins. Þátttakendur í vinnuhópnum voru að deila reynslusögum af fyrirkomulagi varðandi vaktir og mönnun, en einnig var verið að ræða aðra þætti starfsmannamála sem þessu tengjast. Má þar nefna viðverustefnur, veikindaskráningu o.frv. Þá var fengin kynning frá Elju starfsmannaleigu þar sem farið var yfir þá þjónustu sem þeir eru að veita rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu.

Jafnlaunavottun

Jafnlaunavottun var mjög fyrirferðarmikið umræðuefni innan vinnuhópsins. Voru nokkrir fundir teknir undir það málefni að hluta eða öllu leyti. Farið var yfir þau hjálpartæki sem er að finna á vef Stjórnarráðsins og námskeið sem eru í boði vegna slíkrar innleiðingar. Fulltrúar einstakra stofnana voru að deila sinni reynslu og sýn á verkefnið, en auk þess var ákveðið að fá frekari kynningar frá aðilum utan vinnuhópsins. Sérfræðingar frá Deloitte mættu og sá um kynningu á þeirri þjónustu sem fyrirtækið er að veita í vottunarferlinu. Þá var haft samband við Tollstjóraembættið, en sú stofnun fór í gegnum vottunarferlið einna fyrst allra opinberra stofnana og þykir hafa staðið sig einstaklega vel við innleiðinguna. Unnur Kristjánsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Tollstjóra mætti á fund mannauðshóps og fór yfir þeirra vegferð í gegnum innleiðinguna, skref fyrir skref. Var gerður mjög góður rómur að hennar erindi.

Nýliðafræðsla

Sú umræða kom upp hvort stofnanir gætu með einhverju móti verið í betra samstarfi varðandi nýliðafræðsluna. Voru umræður uppi um sameiginlega yfirferð örmyndbanda til að kenna nýliðum réttu vinnubrögð og verklag í ákveðnum verkum. Þá var fengin kynning á nýliðafræðsluefni frá Farsæl – öldrun þekkingarmiðstöð. Sá hópur sem stendur að baki þekkingarmiðstöðinni er að beita sér fyrir því að komið verði upp samskonar fyrirkomulagi á Íslandi og gert hefur verið á öðrum Norðurlöndum, þar sem hið opinbera hefur forgöngu um að taka saman og gefa út alls konar efni í tengslum við öldrunarþjónustu, þ.á.m. fræðsluefni til nýliða í starfi. Vinnuhópurinn er enn að skoða þessi mál og verður þetta alveg örugglega áfram í umræðunni á komandi starfsári.

Launanefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Formaður launanefndar: Eybjörg Hauksdóttir (SFV)

Varaformaður launanefndar: Kristín Sigurpórsdóttir (Sunnuhlíð)

Aðrir nefndarmenn: Ágúst Jónatansson (SÁÁ), Karl Óttar Einarsson (Grund, Mörk og Ás), Lucia Lund (Hrafnista) og Stella Víðisdóttir (Eir, Skjól og Hamrar).

Tilgangur nefndarinnar: Gerir kjarasamninga við stéttarfélög á grundvelli umboðs frá aðildarfélögum innan SFV. Fundir launanefndar, vinnufundir innan nefndarinnar og fundir með öðrum aðilum, voru um tuttugu á yfirstandandi starfsári. Helstu verkefni launanefndar á starfsárinu 2017 – 2018 voru eftirfarandi:

Gerð sameiginlegs stofnanasamnings við Félag sjúkraþjálfara

Í kjarasamningi dags. 23. október 2015 sem gerður var milli SFV og tiltekinna aðildarfélaga innan BHM var gerð sérstök bókun um vilja SFV til að gera sameiginlega stofnanasamninga við aðildarfélög innan BHM. Vorið 2017 hófust samningaviðræður milli launanefndar SFV og samninganefndar Félags sjúkraþjálfara. Viðræður voru nokkuð tímafrekar en gengu greiðlega frá upphafi. Mikill vilji var af hálfu beggja aðila til að ná saman og sameiginlegur skilningur á forsendum við slíka samningagerð.



Mynd af samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Félags sjúkraþjálfara (FS), frá vinstri: Jóhanna (FS), Bjarni (SFV), Lucia (SFV), Eybjörg (SFV), Margrét (FS), Unnur (FS), Helga (FS), Ágúst (SFV). Á myndina vantar Kristínu og Karl Óttar úr samninganefnd SFV.

Þann 19. október 2017 var svo undirritaður fyrsti sameiginlegi stofnanasamningur milli Félags sjúkraþjálfara og eftirfarandi aðildarféлага SFV: Sóltún, Fellsendi, Hrafnistuheimilin, Grund, Mörk, Ás, Lundur, Vigdísarholt/Sunnuhlíð, Eir, Skjól og Hamrar. Telur launanefndin að um sé að ræða mikið framfararskref sem leiða muni til betri og einfaldari vinnubragða til framtíðar.



Uppfærsla stofnanasamnings við Eflingu

Í síðustu kjarasamningum ríkisins var í flestum tilvikum ákveðið að ráðstafa fjármunum sérstaklega til úthlutunar í stofnanasamningum. Vegna þessa hefur mikil vinna átt sér stað undanfarin ár hjá launanefnd SFV á grundvelli bókana þessa efnis sem eru í flestum kjarasamningum samtakanna. Hefur vinna launanefndar falið í sér að uppfæra sameiginlega stofnanasamninga SFV til að úthluta þessum fjármunum.

Einn stærsti kjarasamningur SFV er við stéttarfélagið Eflingu, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs – og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis. Í kjarasamningi SFV við þessa aðila dags. 20. október 2015 kemur fram (í bókun 3) að sú niðurstaða sem verður um framkvæmd stofnanasamnings Landspítala, sbr. bókun 3 í kjarasamningi ríkisins við Eflingu, Hlíf og VSFK, dags. 7. október 2015 verði formgerð með svipuðum hætti í stofnanasamningi SFV við sömu aðila. Kemur enn fremur fram

að stofnanir innan SFV muni leggja árlega allt að 1% af launakostnaði þeirra starfsmanna sem taka kjör samkvæmt kjarasamningi þessum í þessa framkvæmd árin 2016, 2017 og 2018.

Á grundvelli þessarar bókunar hafa samningsaðilar uppfært sameiginlegan stofnanasamning ofangreindra aðila fyrir árin 2016 og 2017. Við uppfærsluna hefur verið horft til þess hvernig Landspítalinn hefur uppfært sinn stofnanasamning við umrædd stéttarfélag. Ekki hefur þó verið gengið frá uppfærslu samningsins fyrir árið 2018, en sú vinna er í gangi milli aðila.

Uppfærsla stofnanasamnings við SFR – vörpun í nýja launatöflu

Í bókun 4 í kjarasamningi SFV við SFR var kveðið á um að ný launatafla myndi taka gildi þann 1. júní 2017. Launataflan skyldi byggja á álagsþrepum í stað aldursþrepa. Til að auðvelda vörpun í nýja töflu samkvæmt endurskoðuðum stofnanasamningi var heimilt að ráðstafa upphæð sem samsvarar allt að 2,84% af launagrunni ársins 2014 til yfirfærslunnar.

Umrædd vörpun í nýja launatöflu var talsvert flókin. Í aðdraganda hennar voru haldnar vinnustofur og vinnufundir með stéttarfélaginu, auk þess sem SFV var í samskiptum við ýmsa aðila í tengslum við verkefnið (þ.á.m. ríkinu og LSH). Þá var tækifærið nýtt til að yfirfara vel gildandi stofnanasamning aðila með tilliti til breytinga á stöfum og fleira. Uppfærður stofnanasamningur SFV og SFR var svo undirritaður þann 15. júní 2017.

Uppfærsla stofnanasamnings við SLFÍ

Í bókun 2 í kjarasamningi SFV og Sjúkraliðafélags Íslands kemur fram að heimilt sé að ráðstafa á ársgrundvelli allt að, 1.21% árið 2016, 0,84% árið 2017 og 0,64% árið 2018 til endurskoðunar á stofnanasamningi. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Gildistaka breytinga samkvæmt þessari bókun er 1. júní umrædd ár.

Á grundvelli þessarar bókunar var gengið frá uppfærðum stofnanasamningi árin 2016 og 2017. Ekki hefur verið gengið frá samkomulagi vegna ársins 2018, en gert er ráð fyrir að viðræður um slíka uppfærslu hefjist fljótlega.

Kjarasamningsviðræður við BHM

Aðildarfélag innan BHM undirrituðu kjarasamning við ríkið í febrúar 2018. Gagnvart ríkinu var hvert og eitt aðildarfélag í sérstökum viðræðum við Samninganefnd ríkisins (SNR) og gerðir tólf mismunandi kjarasamningar milli aðila. Umrædd aðildarfélag ákváðu hins vegar að fara sameiginlega í viðræður við SFV. Það olli ákveðnum töfum á því að viðræður hæfust, en mun að endingu leiða til vinnusparnaðar. Viðræður eru hafnar og verður vonandi gengið frá samningi milli aðila í maí mánuði.

Önnur verkefni

Mörg önnur verkefni komu inn á borð launanefndar á starfsárinu, utan ofangreindra samninga. Fundað var með óformlegum hætti með forystu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, en viðræður aðila um sameiginlegan stofnanasamning SFV við Fíh höfðu siglt í strand haustið 2016. Þrátt fyrir ágætis fundi voru ekki taldar forsendur til þess að taka aftur upp formlegar samningaviðræður um sameiginlegan stofnanasamning. Launanefnd SFV hefur aðstoðað og leiðbeint þeim aðildarfélögum SFV sem ætla sér að taka upp stofnanasamning sinn gagnvart Fíh ef eftir því hefur verið leitað.

Þá voru starfsmöt uppfærð á grundvelli minni kjarasamninga sem byggja á samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig hefur launanefndin unnið að því í samvinnu við stéttarfélögin að taka saman heildarútgáfur gerðra kjarasamninga. Þar sem oft eru gerðir stuttur kjarasamningar þar sem

einungis er bætt við einstökum greinum og bókunum við gildandi samning, þarf alltaf með reglulegu millibili að taka saman alla einstaka samninga og steypa þeim í eina útgáfu. Var farið í slíka vinnu með Fíh, Samflot, KVH og fleiri stéttarfélög á yfirstandandi starfsári.

Þá ber að nefna það að ýmis álitamál koma frá aðildarfélögum inn á borð launanefndar í tengslum við gildandi samninga. Í ákveðnum tilvikum er um að ræða erindi frá aðildarfélögum þar sem óskað er eftir afstöðu launanefndar til ágreinings sem kemur upp við stéttarfélög. Í öðrum tilvikum er að ræða um mál sem stéttarfélögin vísa sjálf til samstarfsnefnda og þurfa formlegri afgreiðslu. Allt er þetta liður í því að samræma framkvæmd hjá aðildarfélögum innan samtakanna og skýra grá svæði í gerðum samningum.

Velferðartækniþópur SFV

Ábyrgðarmaður: Halldór Guðmundsson (Öldrunarheimili Akureyrar)

Velferðartækniþópur var stofnaður innan SFV á síðsta ári stofnað til samráðs og samstarfs um velferðartækni. Markmiðið er að miðla upplýsingum og reynslu frá félögum innan SFV um flest það sem varðar velferðartækni og hins ýmsu verkefni og þróun sem þar er í gangi.

Auk starfsmanns SFV, tóku þátt fulltrúar frá 9 aðildarfélögum. Þau eru Öldrunarheimili Akureyrar, Samband íslenskra Sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Droplaugastaðir, Hrafnista, Múlabær og Hlíðabær, Karitas, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands (HSSA), og Ás.

Haldnir voru þrír fundir á starfsárinu, þann 22. september 2017, þann 3. nóvember 2017 og þann 15. janúar 2018. Helstu umræðuefni vinnuhópsins varða miðlun reynslu og upplýsingagjöf um það sem þátttakendur eru að vinna að eða leita upplýsinga um varðandi velferðartækni.

Í stórum dráttum má segja að mörg verkefni séu í vinnslu, bæði stór og smá og hafa þau flest það markmið að rafvæða og einfalda störf, verkefni, skráningu og upplýsingamiðlun fyrir notendur sem og starfsfólk /stjórnendur og auka lífsgæði og eftir atvikum sjálfstæði notendanna. Eftir þessa þrjá fundi stendur uppúr, að mati ábyrgðarmanns, að fullt tilefni virðist til að deila markvisst frásögnum og upplýsingum af því sem er í gangi í velferðartækni. Fram hafa komið ábendingar um að efna til útgáfu á rafrænu fréttabréf þar sem væru stuttar lýsingar frá hinum ýmsu verkefnum, en með því væri auðvelt að deila slíku í gegnum aðra miðla s.s. fésbókina, heimasíður eða twitter sem dæmi.

Næstu verkefni hópsins eru því að leita leiða til að koma slíkri upplýsingamiðlun á og samræma vinnulag við það og við mat á og miðlun á heppilegum lausnum sem jákvæð reynsla eða takmarkanir eru á, á sviði velferðartækni.

Innkaupahópur SFV

Ábyrgðarmaður: Sigurður Rúnar Sigurjónsson (Eir, Skjól og Hamrar)

Tilgangur með stofnun hópsins var að stofna vettvang til samstarfs fyrir aðildarfélög innan SFV um ýmis mál tengd innkaupum. Aðildarfélög sem eru með fulltrúa í vinnuhópnum eru: Eir, Skjól, Hamrar, Hrafnista, Grund, Ás, Mörk, Höfði og Öldrunarheimili Akureyrar.

Nokkrir fundir voru haldnir í vinnuhópnum á yfirstandandi starfsári. Eftirfarandi atriði voru helst til skoðunar:

Sameiginleg útboð

Haldið var áfram í sameiginlegum útboðum aðildarfélaga innan SFV á kjötvörum í gegnum rammamarkað Ríkiskaupa, auk þess sem áleggi var bætti við. Einnig fóru nokkrir fulltrúar vinnuhópsins, auk framkvæmdastjóra SFV, á fund með fulltrúum af innkaupadeild Landspítalans til að ræða möguleika á sameiginlegum útboðum og frekara samstarfi milli SFV og spítalans. Í vinnslu

er hugsanlega sameiginlegt útboð með Landspítalanum á bleyjum, en prófanir á vörum eiga að hefjast von bráðar.

Ríkiskaup

Ákveðnar breytingar tóku gildi á lögum um opinber innkaup á árinu 2017. Vegna þessa urðu breytingar á fyrirkomulagi við álagningu þjónustugjalda Ríkiskaupa vegna aðildar að rammisamningum stofnunarinnar. Þá vöknðu spurningar um skyldu sjálfseignarstofnana (og sambærilegra aðila innan SFV) til að nýta sér þjónustu Ríkiskaupa í kjölfar lagabreytinganna, sem og útboðsskyldu þeirra yfirhöfuð. Vinnuhópurinn fékk aðstoð frá framkvæmdastjóra SFV til að vinna þessi mál áfram, en auk bréfaskrifta voru haldnir nokkrir fundir með forstjóra og lögfræðingum Ríkiskaupa vegna málsins.

Í kjölfar álitsgjafar frá fjármálaráðuneytinu varð afstaða Ríkiskaupa að endingu sú að aðildarfélögum SFV, sem eru ekki í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sé ekki skylt að nýta sér þjónustu Ríkiskaupa á grundvelli laga um opinber innkaup. Tekið skal fram að slík aðildarfélög geta þó verið með útboðsskyldu, þó svo þeim sé ekki skylt að nýta sér þjónustu Ríkiskaupa við útboðið. Ennfremur er afstaða Ríkiskaupa sú að þegar slík aðildarfélög SFV hafa gert þjónustusamning við ríkið á grundvelli innkaupaferla laga um opinber innkaup (þ.á.m. forauglýsingar) þá eiga þau félög ekki lengur rétt á að nýta sér rammisamninga Ríkiskaupa.

Eftir nánari skoðun á aðferðarfræði Ríkiskaupa við ákvörðun gjaldskrár stofnunarinnar, var það ennfremur niðurstaða framkvæmdastjóra SFV og vinnuhópsins að ekki væri tilefni til að kæra umrædda gjalddöku fyrir aðild að rammisamningum Ríkiskaupa.

Önnur mál

Mikið var rætt um Timian innkaupakerfið á fundum vinnuhópsins. Bæði var deilt reynslusögum af notkun kerfisins, en einnig var ákveðið að fá kynningu frá starfsmanni Origo á væntanlegum nýjungum og framtíðarsýn á notkun kerfisins. Þá var fylgt eftir samanburði á kostnaðartölum í gegnum sameiginlegt google – skjal vinnuhópsins, þ.e. matarkostnaður, lyfjakostnað o.fl. Þá var gert samkomulag við Húsasmiðjuna um afslætti til handa aðildarfélögum SFV, auk þess sem unnið er að svipuðu samkomulagi við fleiri aðila um afslátt á húsgögnum fyrir heilbrigðisstofnanir og skrifstofuvörum. Þá eru í skoðun möguleikar á innflutningi á ákveðnum vörutegundum. Rætt hefur verið í þessu sambandi um LED – væðingu, sjúkrarúm o.fl. Einnig eru í gangi viðræður við rekstraraðila bókhalds – og launakerfa um ákveðnar breytingar á uppsetningu gagna og skýrslum í slíkum kerfum til samræmis við kjarasamninga SFV.

Fulltrúar í opinberum nefndum og vinnuhópum á vegum SFV

Það kemur fyrir að SFV sé boðið af hálfu stjórnvalda að tilnefna fulltrúa til setu í vinnuhóp eða nefnd á vegum hins opinbera í tengslum við tiltekið verkefni. Oft kemur slíkt boð fram í tengslum við þrýsting samtakanna á ýmsar úrbætur, umsagnir við lagafrumvörp eða hreinlega að frumkvæði stjórnvalda. Þessi þáttur hefur vaxið undanfarin ár enda hafa samtökin kallað eftir virku samstarfi og samtali stjórnvalda í málefnum er varða rekstrarumhverfi aðildarfélaga SFV.

Hér má sjá þá vinnuhópa og nefndir sem eru starfandi í dag og SFV hefur tilnefnt fulltrúa til setu í:

Starfshópur um breytt greiðslufyrirkomulag á dvalar – og hjúkrunarheimilum.
Fulltrúi SFV: Gísli Páll Pálsson.

Nefnd um endurskoðun reglugerðar nr. 850/2002 um skömmtnun lyfja og reglugerð nr. 241/2004 um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Fulltrúi SFV: María Fjóra Harðardóttir. Til vara: Sigríður Sigurðardóttir.

Stýrinefnd um þróun rafrænnar sjúkraskrár á árunum 2018 – 2020.

Fulltrúi SFV: Anna Birna Jensdóttir.




Málþing SFV þann 16. október 2017 með fulltrúum stjórnmalaflokkanna

Þann 16. október 2017 héldu SFV málþing á Hótel Natura. Til málþingsins var þeim stjórnmalaflokkum boðið sem áttu fulltrúa á Alþingi og/eða mældust með meira en 5% fylgi í þjóðarpól Gallup á þeim tíma. Yfirskrift málþingsins var: Hver á stefna Íslands í þjónustu við veika og aldraða að vera? Auk þess að leita svara við þessari stóru spurningu var tilgangur málþingsins að minna stjórnmalamenn á samtökin og aðildarfélög þeirra áður en gengið yrði til kosninga.

Áhugaverðar framsögur voru á málþinginu af hálfu aðila víðsvegar úr heilbrigðiskerfinu. Anna Birna Jensdóttir, stjórnarmaður SFV og framkvæmdastjóri Sóltúns, flutti áhugavert erindi um öldrunarþjónustu frá sjónarhóli rekstraraðilans. Ræddi hún m.a. það að Íslendingar hafa í sögulegu samhengi verið eftirbátar annarra Norðurlandþjóða í öldrunarþjónustu og að samkvæmt spá Hagstofu Íslands mun Íslendingum sem eru 67 ára og eldri fjölga úr 39.000 í 86.000 á árunum 2016 til 2050. Meðaldagjald hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2016 hafi verið örlítið lægra en ef keypt er gisting á hóteli fyrir einn í eina nótt. Á hótelinu sé hins vegar enginn sem ætli að hjúkra gestinum, hjálpa honum í bað, klæða, aðstoða við að matast, taka lyfin, lina verkina og kvíðann, hjálpa á salernið, þjálfa, fara með honum út, lyfta honum, aka honum, veita honum mat, öryggi, hlýju og skemmtun. Umbóta sé því þörf af hálfu stjórnvalda.

Auk Önnu Birnu flutti Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans erindi um þá áskorun sem við spítalanum blasir með aukningu aldraðra og hvaða áhrif sú aukning hefur á starfsemi LSH. Þá ræddi Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkur um það hvernig þessi mál horfa við þeim aðilum sem sinna heimaþjónustunni.

Fyrir hönd flokkanna mættu til málþingsins Þorsteinn Víglundsson, Viðreisn, Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri grænum, Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingunni, Jón Þór Ólafsson, Pírötum, Hildur Sverrisdóttir, Sjálfstæðisflokki og Guðlaug Kristjánsdóttir, Bjartri framtíð. Á annað hundrað gestir mættu til að hlýða á málþingið.



Málþing SFV þann 5. mars 2018 um fjármálaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar

Þann 5. mars 2018 héldu SFV málþing um fjármálaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Stjórn samtakanna taldi mikilvægt að halda á lofti vandaðri umræðu um þetta brýna hagsmunamál. Ákveðið var að fá framsögumenn víðsvegar að úr samfélaginu og heilbrigðiskerfinu að ræða sína sýn á málefnið, auk þess sem sjónarmiðum aðildarféлага samtakanna væri komið á framfæri.

Pétur Magnússon formaður SFV setti málþingið og var Bjarki Þorsteinsson varaformaður SFV fundarstjóri í forföllum Ernu Indriðadóttur fjölmiðlakanu. Á málþinginu voru sex framsögumenn. Fyrstur í ræðustól mætti Willum Þór Þórsson og ræddi það hvernig hann liti á stöðuna sem formaður fjárlaganefndar. Ræddi hann um að gegnsæið væri ekki nægilegt í nýrri framsetningu fjárlaga og að úr því yrði að bæta. Þá kom einnig fram að stjórnvöld ætluðu sér að fjölga

Hver á stefna Íslands í þjónustu við veika einstaklinga og aldraða að vera?

Málþing
Hótel Natura
Mánudaginn
16. október
13:30-15:45

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Dagskrá:

13:30-13:40

Setning málþings

Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13:40-13:55

Velferðarþjónustan frá sjónarhóli sjálfstæðra rekstraraðila

Anna Birna Jensdóttir, stjórnarmaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og framkvæmdastjóri Sóltúns

14:10-14:25

Landspítali - hornsteinn í þjónustu við veika og aldraða

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

14:10-14:25

Velferðarþjónustan frá sjónarhóli heimaþjónustuaðila

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðasviði Reykjavíkurborgar

Stutt erindi frá stjórnmalaflokkum

Guðlaug Kristjánsdóttir, Björt framtíð

Hildur Sverrisdóttir, Sjálfstæðisflokki

Jón Þór Ólafsson, Pírötum

Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingu

Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri græn

Þorsteinn Víglundsson, Viðreisn

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður

Fundarstjóri: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.



Pétur Magnússon



Anna Birna Jensdóttir



Páll Matthíasson



Berglind Magnúsdóttir



Guðlaug Kristjánsdóttir



Hildur Sverrisdóttir



Jón Þór Ólafsson



Oddný G. Harðardóttir



Steinunn Þóra Árnadóttir



Þorsteinn Víglundsson



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

**Allir velkomnir,
aðgangur ókeypis**



**SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU**

Málþingið verður haldið á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Pingsal 2, **mánudaginn 16. október** kl. 13:30-15:45

hjúkrunarrýmum og styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila. Næst tók til máls Eybjörg Hauksdóttir framkvæmdastjóri SFV sem fjallaði um greiðslur og kröfur í heilbrigðisþjónustu. Var þar ítarlega rakið það ósamræmi sem er oft í opinberum kröfum til þjónustunnar og þess endurgjalds sem er innt af hendi. Fjallaði hún einnig um ógegnsæi í nýrri framsetningu fjárlaga, sem og í útreikningum á verðlags – og launabreytingum sem lagðir eru til grundvallar í greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu. Þá ræddi María Heimisdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans um þróun eftirspurnar og fjárveitinga í heilbrigðisþjónustu. Var farið yfir tölur sem liggja fyrir varðandi þann sjúklingahóp sem kemur inn á Landspítalann og samhengið (eða samhengisleysi) þeirra talna við fjárframlög ríkisins til þjónustunnar. Ásgerður Th. Björnsdóttir fjármálastjóri SÁÁ ræddi stöðu SÁÁ, en ekki er til staðar samningur um þjónustu samtakanna nema að litlum hluta, auk þess sem mikill niðurskurður hefur verið í fjárveitingum ríkisins til SÁÁ undanfarin ár. Þá ræddi hún einnig nýjar reglur opinberra innkaupa varðandi velferðarþjónustu. Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands ræddi nýju lögin um opinber fjármál og sérkenni fjármálaumhverfis heilbrigðisþjónustunnar. Ræddi hann m.a. stöðu og samspil þeirra þriggja hagsmunaaðila sem koma að þessum samningum, þ.e. notandans, þjónustuveitandans og ríkisins. Að endingu ræddi Svanbjörn Thoroddsen þá spurningu hvort verið sé að mæta þörfum sjúklingsins með því að fjármagna stofnanir. Fór hann yfir þá hugmyndafræði að aðlaga þurfi þjónustuna að sjúklingnum og að fjármagnið fylgi honum. Ýmsar hindranir séu til staðar í íslensku samfélagi sem vinna þurfi gegn og í raun þyrfti að gera grundvallarbreytingu á heilbrigðiskerfinu sem slíku.

Hátt í hundrað manns tóku þátt í málþinginu.



FJÁRMÁLAUMHVERFI HEILBRIGÐIS- ÞJÓNUSTUNNAR

Málþing á vegum Samtaka
fyrirtækja í velferðarþjónustu
mánudaginn 5. mars kl. 13.30



Pétur Magnússon



Willum Þór Þórsson



Eybjörg Hauksdóttir



María Heimsdóttir



Ásgerður Th.
Björnsdóttir



Steingrímur Ari
Arason



Svanbjörn
Thoroddsen



Erna Indriáadóttir

DAGSKRÁ

13.30 - 13.40

Setning málþings

Pétur Magnússon, formaður Samtaka
fyrirtækja í velferðarþjónustu og
forstjóri Hrafnistuheimilanna

13.40 - 13.55

Ávarp frá formanni fjárlaganefndar

Willum Þór Þórsson

13.55 - 14.10

Greiðslur og kröfur í heilbrigðisþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri
Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

14.10 - 14.25

Bamið vex en brókin ekki - þróun eftirspurnar og fjárveitinga

María Heimsdóttir, framkvæmdastjóri
fjármálasviðs Landsþótalans

14.25 - 14.40

Upplýsingar og stefnumótun

Ásgerður Th. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri
fjármálasviðs SÁÁ

14.40 - 14.55

Sjúkratryggingar og nýju lögin um opinber fjármál

Steingrímur Ari Arason, forstjóri
Sjúkratrygginga Íslands

14.55 - 15.10

Erum við að mæta þörfum sjúklinga með því að fjármagna stofnanir?

Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður
KPMG á Íslandi

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.

Fundarstjóri: Erna Indriáadóttir, fjölmiðlakona

**Málþingið verður haldið á Icelandair
hótel Reykjavík Natura, þingsal 2,
mánudaginn 5. mars nk. kl. 13.30-15.45.**

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

Félagsfundir og aðrir fundir á vegum SFV

Haldnir voru alls fimm félagsfundir, auk aðalfundar, hjá SFV á starfsárinu og var fundarefnið margbreytilegt. Tveir fundanna snérust um persónuvernd, annars vegar kynningarfundur á fyrirkomulagi vinnuhóps SFV sem haldinn var í ágúst 2017 og hins vegar fundur um stöðu persónuverndarmála í byrjun mars 2018. Þá var boðið til félagsfundar í júní 2017 þar sem Mark Britnell, stjórnarformaður KPMG Global Health og höfundur verðlaunabókarinnar "In Search of the Perfect Health System", var boðið til fundarins. Einn fundur var haldinn um lífeyrismál og kjarasamninga aðildarféлага SFV sem tengjast Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá var haldinn

félagsfundur í janúar 2018 til kynningar og umræðu um Handbók Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir íbúa hjúkrunarheimila.

Hér má sjá yfirlit yfir félagsfundi og málþing á vegum SFV starfsárið 2017 – 2018:

- Þann 21. júní 2017, félagsfundur SFV með Mark Britnell, haldinn á Hrafnistu í Reykjavík, um 20 manns mættu til fundar.
- Þann 14. ágúst 2017, félagsfundur SFV um persónuvernd, haldinn á Hrafnistu í Reykjavík, um 40 manns mættu til fundar.
- Þann 29. september 2017, félagsfundur SFV um lífeyrismál og kjarasamninga sveitarfélagaheimila, um 25 manns mættu til fundar.
- Þann 16. október 2017, málþing SFV með stjórnmalaflokkum um stefnu í þjónustu við veika og aldraða, haldið á Hótel Natura, á annað hundrað manns mættu á málþingið.
- Þann 15. janúar 2018, félagsfundur SFV um Handbók SFV fyrir íbúa hjúkrunarheimila, haldinn á Grund hjúkrunarheimili, um 70 manns mættu til fundar.
- Þann 5. mars á Hótel Natura, félagsfundur SFV um stöðu persónuverndarmála, haldinn á Hótel Natura, um 30 manns mættu til fundar.
- Þann 5. mars á Hótel Natura, málþing SFV um fjármálaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar, haldið á Hótel Natura, um 90 manns mættu á málþingið.



Mynd af félagsfundi SFV með Mark Britnell þann 21. júní 2017.

Fundir stjórnar

Stjórn SFV hittist að jafnaði einu sinni í mánuði, nema yfir sumartímann, á fundum sem eru um ein og hálf klukkustund í senn. Formlegir stjórnarfundir voru alls níu talsins starfsárið 2017 - 2018. Ýmis mál eru rædd á stjórnarfundum, en auknar opinberar kröfur, persónuverndarmál, fjármögnun og fjármálaumhverfi aðildarfélaganna voru fyrirferðarmikil á starfsárinu.

Stefnumótunarfundur stjórnar SFV var haldinn í september 2017 á Hraunsnefi í Norðurárdal. Tíminn var nýttur til að leggja línurnar fyrir helstu verkefni vetrarins, auk þess sem umræða fór fram um innra skipulag samtakanna. Bæði var endanlega samþykkt að ráða inn persónuverndarsérfræðing til samtakanna, en einnig að stofna vinnuhóp til að skoða betur aðildargjöld til samtakanna. Þá var lögð áhersla á að samtökin yrðu sýnileg í opinberri umræðu og

að stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar hafi vitneskju um SFV og þekkingu á helstu hagsmunamálum samtakanna.

Stjórn SFV (ýmist að hluta eða í heild sinni) og framkvæmdastjóri áttu venju samkvæmt marga fundi með ýmsum opinberum aðilum á yfirstandandi starfsári. Fundað var með heilbrigðisráðherrum sem og starfsfólki innan velferðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Þá var fundað með Alþingismönnum sem sæti eiga í velferðarnefnd og fjárlaganefnd, auk formlegra funda með slíkum nefndum. Þá var fundað með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við nokkur mál, sem og æðstu stjórnendum Ríkiskaupa, Lyfjastofnunar og fleiri opinberum aðilum.



Umræðufundur SFV fyrir hjúkrunarheimili

Umræðufundur á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu verður haldinn á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 15. janúar nk. kl. 13:30-15:30. Efni fundarins er Handbók SFV fyrir íbúa hjúkrunarheimila sem gefin var út þann 15. nóvember sl., auk rammasamnings SÍ fyrir þjónustu hjúkrunarheimila.

Dagskrá:

13:30 – 13:35

Setning

Pétur Magnússon, formaður SFV og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13:35 – 14:00

Kynning á handbók SFV fyrir hjúkrunarheimili

Anna Birna Jensdóttir, stjórnarmaður SFV og framkvæmdastjóri Öldungs hf.

14:00 – 14:30

Hugleiðingar í kjölfar rammasamnings og kröfulýsingar

Ingibjörg Ólafsdóttir, forstöðumaður Droplaugarstaða

Birna Sif Atladóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri á Ási hjúkrunarheimili Lúðvík
Freyr Sæmundsson, rekstrarstjóri Öldrunarheimila Akureyrar

14:30 – 14:40

Kaffihlé

14:40 – 15:30

Umræður og spurningar úr sal

Fundarstjóri verður Margrét Á. Ósvaldsdóttir, forstöðumaður Seljahlíðar.

Setja þarf skýrar leikreglur um dagdvalir



Pétur Magnússon
formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu



Björn Bjarki Þorsteinsson
varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Í dag eru á höfuðborgarsvæðinu einu nálega tvö hundruð aldraðir með gilt færni- og heilsufarsmat fyrir hjúkrunarrými. Því miður er stór hluti þeirra fastur í legurými á Landspítalanum vegna þess að heppileg búsetuúrræði vantar. Þessir einstaklingar eru of veikir til að geta búið einir heima og komast heldur ekki á hjúkrunarheimili vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Við sem störfum í velferðarþjónustu við aldrada höfum miklar áhyggjur af ástandinu. Á meðan þjónustuþegum öldrunarþjónustunnar fjölga um 2% á hverju einasta ári fjölga ekki viðeigandi úrræðum. Offá hjúkrunarrými eru byggð og öðrum úrræðum fjölga lítið. Á meðan hleður ástandið upp á sig með hverju árinu sem líður með miklum óþægindum fyrir aldrada, veika og aðstandendur þeirra, en einnig óþarfa tilkostnaði fyrir ríkissjóð.

Áf þessum ástæðum viljum við minna á mikilvægan valkost í þjónustu við aldrada sem stuðlað getur að því að þeir geti búið lengur heima. Það eru dagdvalarrými. Dagdvalarrými eru ætluð einstaklingum 67 ára og eldri en einnig í sértækum tilvikum yngri einstaklingum eða ákveðnum hópum. Þjónustuþegar koma að morgni og fara heim aftur síðdegis og sækja þjónustuna ýmist daglega eða tiltekna daga í viku. Í dagdvölum er lögð áhersla á að

efla líkamlega og andlega færni ásamt því að njóta félagslega einangrun sem margir á eftri árum byrja að finna fyrir.

Aukið framboð og notkun dagdvalarrýma, sem eru í boði í flestum sveitarfélögum landsins og aðallega rekin af sveitarfélögunum, hjúkrunarheimilum eða félagasamtökum, getur bætt lífsgæði verulega og í mörgum tilvikum dregið úr tíðni innlagna á sjúkrahús. Má því segja að þjónusta dagdvalarrýma sé ákveðin forvörn sem viðhaldi heilsu að ákveðnu marki og geri öldruðum kleift að búa lengur á eigin heimili. Samkvæmt nýlegri skýrslu Sjúkratrygginga Íslands voru í árslok 2016 heimildir fyrir 733 dagdvalarrýmum á landinu. Alls nýttu sér 1.884 dagdvalir á síðasta ári og hver og einn þjónustuþegi að meðaltali í 92,4 daga. Um 4,5% landsmanna, 67 ára og eldri, nýtur þjónustu dagdvala og eru flestir 80 ára eða eldri. Þrátt fyrir að öldruðum fjölgi stöðugt hefur dagdvalarrýmum ekki fjölgað í sama mæli frá árinu 2012 þótt bragarbót hafi verið gerð á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári.

Í fyrrgreindri skýrslu Sjúkratrygginga er jafnframt bent á að ekki hafi verið gerð ítarleg greining á þjónustu í dagdvalarrýmum. Engir samningar hafa verið gerðir um þjónustuna og að mati þeirra sem nota og veita þjónustuna eru kröfurnar fremur óskýrar. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) telja að afar mikilvægt sé að skilgreina þjónustuna með gerð kröfulýsingar þannig að öllum sé ljóst hvaða þjónustu dagdvalir eigi nákvæmlega að veita. Einnig verður þá unnt að reikna út sanngjamt verð fyrir þjónustuna á gegnsæjan og upplýstan hátt en svo er ekki í dag. Lítið hefur þó miðað í þessa átt þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Þó rofaði til um sinn í október 2016 þegar skrifað var undir samkomulag milli SFV, velferðarráðuneytisins, Sjúkratrygginga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stefna skyldi að því að hefja



Aukið framboð og notkun dagdvalarrýma, sem eru í boði í flestum sveitarfélögum landsins og aðallega rekin af sveitarfélögunum, hjúkrunarheimilum eða félagasamtökum, getur bætt lífsgæði verulega og í mörgum tilvikum dregið úr tíðni innlagna á sjúkrahús.

þessa vinnu og boða til fyrsta fundar í janúar sl. Síðan hefur reynst árangurslaust að fá boðað til fundarins þrátt fyrir ítrekaðar óskir því samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum hefur stofnunin ekki fengið umboð velferðarráðuneytisins til slíkra viðræðna.

Í rekstri dagdvala eru forföll algeng og í raun eðlilegur þáttur í starfsemiinni enda heilsa hvers og eins þjónustuþega misjöfn. Það er hins vegar bagalegt að ríkisvaldið greiðir eingöngu fyrir þau rými sem nýtt eru frá degi til dags óháð forföllum og föstum kostnaði rekstraradila. Þetta er sambærilegt því ef skólar landsins fengju aðeins greitt í samræmi við mætingu nemenda hverju sinni. Misjöfn mæting þjónustuþega í dagdvalir eða nemenda í skóla breytir ekki útgjöldum sem liggja aðallega í föstum kostnaði vegna launa og húsnæðis. Tímabært er að sest verði niður sem fyrst til að komast að samkomulagi sem aðilar geti unað við. Þeim sem þurfa á þjónustu dagdvala að halda mun halda áfram að fjölga. Það er ekki skynsamlegt að halda áfram að stinga höfðinu í sandinn, allra síst þegar ljóst er að þjónusta dagdvalanna hefur í för með sér þjóðhagslegan sparnað en ekki síður aukin lífsgæði þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda sem er jú mikilvægasta atriðið.

Eftirbátar annarra Norðurlandabjórða í öldrunarþjónustu

Eftir Önnu Birnu Jensdóttur

Eftir Önnu Birnu Jensdóttur: "Í alþingiskosningum hefur ekki skort kosningaloforð til umbóta fyrir eldri borgara, en efndirnar hafa verið á hraða snigilsins."

Í sögulegu samhengi hafa Íslendingar verið eftirbátar annarra Norðurlandabjórða í öldrunarþjónustu. Sjaldan hefur frumkvæði að bættum hag komið frá ríkinu. Hugsjónafólk, grasrótarsamtök, góðgerðarfélag, fag- og stéttarfélag, félag eldri borgara og sveitarfélag hafa farið fram á völinn og sótt réttindi og bættan aðbúnað. Í alþingiskosningum undanfarna áratugi hefur þó ekki skort kosningaloforð til umbóta fyrir eldri borgara, en efndirnar hafa því miður verið á hraða snigilsins og virðist þá litlu skipta hvaða stjórnmálaflokkar hafa farið með völdin. Stefuleysi hefur viðgengist.

Samkvæmt spá Hagstofu Íslands mun Íslendingum sem eru 67 ára og eldri fjölga úr 39.000 í 86.000 á árunum 2016 til 2050. Þar af mun fjöldi einstaklinga 90 ára og eldri fjórfaldast og þeir verða tæplega 8.000, og fjöldi einstaklinga 80 ára og eldri þrefaldast og þeir verða rúmlega 33.000. Heilbrigði eldri borgara er nokkuð gott hér á landi og langlífi í hærri kantinum. Langflestir lífa sjálfstæðu lífi. Það eru einungis 6,5% 67 ára og eldri sem dveljast á hjúkrunarheimilum og þurfa sólarhringsumönnun. RAI-mat sem mælir raunverulegan aðbúnað aldara sýnir að meðaldvalartími stytst og að færni til athafna daglegs lífs fer minnkandi og fleiri eru algjörlega háðir umönnunaraðilum.

Í dag eru rúmlega 2500 hjúkrunarrými í boði á landinu og hefur sá fjöldi staðið nokkurn veginn í stað undanfarin ár þar sem fækkun fjölbýla hefur komið til móts við byggingu nýrra hjúkrunarrýma. Dvalarrými, sem er léttara þjónustustig, eru nánast að hverfa. Í ársbyrjun voru yfir 300 manns á biðlista um að komast inn á hjúkrunarheimili. Þar af eru um 100 sem hafa lokið meðferð á Landspítala og bíða þar eftir hjúkrunarheimili. Tíminn í aðdraganda þess að veikir einstaklingar fái færni- og heilsumat getur verið nokkrir mánuðir. Biðtíminn síðan eftir hjúkrunarrými er óviðunandi langur. Nóg er að vera komin í þá aðstöðu að missa heilsuna og vera öðrum háður um umönnun sína. Ættingjar missa jafnvel einnig heilsu og kvíði og óryggi eykst. Því miður eru farin að sjást aukin ummerki ófullnægjandi umönnunar fólks á biðlistum, eins og legusár, vannæring og færnisskerðing. Árið 2030 er áætlað að þörf sé á 4500 hjúkrunarrýmum sem samsvarar byggingu 2.000 nýrra rýma á 12 árum, það er helmingi fleiri en ráðuneytið hefur talað fyrir. Í október 2016 var gerður rannsóknir milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um rekstur og þjónustu sem rann inn þær kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila, þ.e. um aðbúnað og þjónustu og hvernig skuli greiða fyrir reksturinn. Var það mikið framfaraskref og mikilvægt verður að fara vel yfir reynsluna á fyrsta samningstímanum til að færa endurnýjun hans í átt til þess að rétt endurgjald sé greitt fyrir velferðarþjónustu og að ekki séu gerðar opinberar kröfur án kostnaðargreiningar.

Samkvæmt gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands 2016 var meðaldagsgjald hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu 29.084 kr. fyrir sólarhringsþjónustu. Það er örlítið ódýrara en ef keypt er núna gisting á hóteli fyrir einn í eina nótt. Daggjöldin eru mjög lág. Á hótelinu er e.t.v. morgunmatur, þrif á herbergi, þvottur og einhver yfirbygging sem greitt er fyrir. Þar er enginn sem ætlar að hjúkra gestinum, hjálpa í bað, klæða, aðstoða við að matast, taka lyfin, lína verkina og kvíðann, hjálpa á salernið, þjálfa, fara með honum út, lyfta honum, aka honum, veita honum öryggi, hlýju og skemmtun.

Mörg hjúkrunarheimili bjóða húsakost sem er eins frambærilegur og á góðum hótélum, nema að sjúkrarúm og sérhæfður hjálpartækjabúnaður er dýrari. Í fljótu bragði virðist því vera lítið rekstrafé til velferðarþjónustunnar sjálfrar, og/eða nánast ekkert til reksturs húsnæðis. Þjónusta hjúkrunarheimila er borin uppi af kvennastéttum eins og hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, þjálfurum, félagsliðum, matartæknum og umönnunarstarfsfólki. Konur mælast að meðaltali með 13% lægri laun en karlar. Afar brýnt er að tryggja að þeir sem menntað hafa sig til starfa í velferðarþjónustu beini kröftum sínum þangað. Ríkið ber ábyrgð og leiðir kjarasamninga gagnvart þessum hópum og það er mikilvægt að ríkið tryggi þeim samkeppnishæf laun. Í dag er skortur á fagfólki og mikilvægt að auka námsframboð heilbrigðisstétta til að tryggja mönnun. Jafnframt er mikilvægt að við kostnaðargreiningu velferðarþjónustunnar sé ekkert til sparað að nota velferðartæknina til að auka lífsgæði íbúa hjúkrunarheimila og bæta vinnuumhverfi. Mikilvægt er að stjórnvöld hugsi til framtíðar, séu í fararbroddi og stuðli að þróun og nýsköpun. Of mikil tregða hefur verið í kerfinu og sjóðir sem styðja nýsköpunarverkefni vandfundnir. Hjúkrunarheimili vilja veita góða þjónustu og mæta þörfum íbúanna. Starfsfólk þarf að þrífast í velferðarþjónustunni, þar af leiðandi þarf að sjálfsögðu að leggja áherslu á velferð þeirra með samkeppnishæfum launum og góðum aðbúnaði. Umbætur eru nauðsynlegar í þjónustu fyrir eldri borgara þannig að Íslendingar komist úr sporunum og standi að minnsta kosti jafnfætis hinum Norðurlandabjóðunum. Íslendingar hafa alla burði til þess.

Höfundur er framkvæmdastjóri Söltúns, stjórnmannaður í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og formaður Öldrunarráðs Íslands.



Anna Birna Jensdóttir

Umfangsmiklar breytingar á persónuverndarlöggjöf- inni framundan

Eftir Eytjörgu Hauksdóttur og Gunnhildi E. Kristjánsdóttur

Ný persónuverndarlöggjöf frá Evrópusambandinu var undirrituð þann 27. apríl 2016 og mun taka gildi þann 25. maí nk. í Evrópu. Löggjöfin felur í sér umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfinni í

tvo áratugi. Nýja löggjöfin felur í sér stóruaknar kröfur á öll fyrirtæki og aðra aðila sem vinna með persónuupplýsingar. Þá fylgja löggjöfinni viðtækar sektarheimildir, allt að 4% af árlegri heildarveltu fyrirtækis eða 20 milljónum evra. Vegna þessa hafa fyrirtæki innan Evrópusambandsins markvisst undirbúið sig fyrir gildistöku löggjafarinnar undanfarnar tvö ár.

Fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök sem veita velferðarþjónustu á Íslandi vinna daglega með miklu magn viðkvæmra heilsufarsupplýsinga, hvort heldur sem er hjúkrunarheimili, spítali eða aðrir. Ný löggjöf verður því mikil áskoran fyrir hlutadegandi, jafnvel þótt þjónustuveitendur uppfylli allar kröfur núgildandi persónuverndarlöggjafar. Sem dæmi um nýjar og kostnaðarsamar kröfur má nefna kröfu um skýjan persónuverndarfulltrúa, auknar kröfur um skipulags- og tæknilegar ráðstafanir til að sýna fram á að farið sé að meginreglum, svo sem með skrásetningu á allri vinnslu persónuupplýsinga. Þá eru einnig gerðar meiri kröfur um öryggi og gagnsæi við vinnslu persónuupplýsinga og aukin réttindi varðandi aðgengi einstaklinga að upplýsingum um sig. Þessar kröfur geta og munu að öllum líkindum hafa í för með sér töluverðar kerfis- og hugbúnaðaruppfærslur eða jafnvel endurnýjun á slíkum búnaði.

Þrátt fyrir að veitendur heilbrigðisþjónustu víti að umrædd löggjöf taki gildi í maí nk. og að uppfylla þurfi skvæði löggjafarinnar frá fyrsta degi eru nánast níngurttíu þriðjungur kominn skammt á veg hjá flestum þessara aðila. Aðeðurnar eru margar, en þessar hvað veigamestar:

Engin fjárveiting liggur fyrir

Tekjur þjónustuveitenda í heilbrigðisþjónustu koma nánast að öllu leyti frá ríkinu í formi þjónustugjalda eða annarra greiðslna. Þær greiðslur eru mjög naumt skammtaðar og yfirleitt ítarlega skulgreint í hvað þær mega fara. Að engu leyti var gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna innleiðingar umræddrar löggjafar á árinu 2017. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hafa ítrekað óskað eftir upplýsingum frá opinberum aðilum um hvort og þá að hvaða leyti verið gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna þessa á árinu 2018. Engin formleg svör hafa borist. Innleiðing löggjafarinnar felur í sér að hlutaðeigandi aðilar þurfa að kaupa mjög sérhæfða þjónustu, auk mikillar vinnu hjá starfsmönnum umræddra fyrirtækja og stofnana. Þessir aðilar geta ekki stofnað til þessa nauðsynlega kostnaðar nema fyrir lígi að hvern verði greiddur.

Lagafrumvarp liggur ekki fyrir

Þrátt fyrir að umrædd löggjöf hafi verið samþykkt af ESB um mitt ár 2016 hefur hún enn ekki verið lögleidd í íslenskan rétt. Drög að lagafrumvarpi hafa heldur ekki verið lögð fram á Alþingi eða til umsgagnar á vegum dómarmálaráðuneytisins. Af



Eytjörg Hauksdóttir



Gunnhildur E. Kristjánsdóttir

» Flestir opinberir aðilar, eða aðilar sem starfa á grundvelli greiðslna frá ríkinu, eru ekki komnir nægilega langt á veg í undirbúningi sínum fyrir gildistöku nýrrar löggjafar.

59 greinum löggjafarinnar gefa um 50 svigrúm til mismunandi útferðar að einhverju leyti við innleiðingu í innkenda rétt. Hvernig löggjöfin verður útferð á Íslandi liggur því ekki enn fyrir og veður erfiðleikum við innleiðinga regluverksins.

Skortur á fræðslu og leiðbeiningum stjórnvalda

Samkvæmt stjórnsýslulögum hefur al- leiðbeiningarskylda á stjórnvöldum að veita þeim sem leita til þeirra nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi mál sem snerta starfsvið viðkomandi aðila. Eitt af mörgum hlutverkum Persónuverndar er að veita slíkar leiðbeiningar. Þrátt fyrir að þetta umrædda verkefni hafi legið fyrir frá árinu 2016 virðist sem Persónuvernd hafi ekki verið úthlutað því fjármagni sem henni er nauðsynlegt til að geta stutt við innleiðingu regluverksins með fullhægjandi hætti. Í maí 2017 kölluðu SFV eftir því að Persónuvernd heldi fund með veitendum heilbrigðisþjónustu til að ræða þau áttamáli er snúa að þjónustu þessara aðila. Sá fundur hefur ekki enn verið haldinn. Einnig hefur verið kallað eftir fullnægjandi formum frá Persónuvernd, meðal annars er varðar kortlagningu á vinnslu og vinnshuskrár, en þau gögn hafa ekki fengið. Þá hefur gengið erfiðlega að fá svör við fyrirspurnum. Það er enginn vafi á því að Persónuvernd er skipuð hæfu föld sem reynir af fremsta megni að sinna verkefnum sínum. Það er hins vegar alveg ljóst að elgi stofnunin að geta sinnt skyldum sínum við innleiðingu löggjafarinnar verður að bæta þar við starfsföldi.

Ofangreindir þættir hafa allir leitt til þess að flestir opinberir aðilar, eða aðilar sem starfa á grundvelli greiðslna frá ríkinu, eru ekki komnir nægilega langt á veg í undirbúningi sínum fyrir gildistöku nýrrar löggjafar. Við inn er til staðar hjá öllum þjónustuveitendum að framkvæma nauðsynlegar úrbætur en tíminn er naumur og fjármunir, leiðbeiningar og úrræð af skortum skammti. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu skora því á stjórnvöld að veita þessu verkefni þá athygli og fjármuni sem þarf, svo öllum hlutaðeigandi aðilum sé gert kleift að sinna þessu nauðsynlega verkefni með sómasamlegum hætti.

Eytjörg er framdrámsaðstjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Gunnhildur vörðveitingur í persónurétti hjá SFV. Eytjörg Kristjánsdóttir er samráðgjafi.

Úrelt kerfi RAI veltir allt að 11 milljörðum króna árlega



Jórunn María Ólafsdóttir
hjúkrunarfor-
stjóri í Brákarhlíð,
Borgarnesi



María Fjóra Harðardóttir
framkvæmda-
stjóri heilbrigðis-
sviðs Hrafnistu-
heimilanna

A milli Sjúkratrygginga Íslands og flestra hjúkrunarheimila landsins er í gildi samningur um þjónustu heimilanna við aldræða. Meðal þess sem samningurinn gerir kröfu um er að á heimilunum sé haldin mjög nákvæm skráning um „raunverulegan aðbúnað íbúa“ sem opinberlega kallast skráning RAI-mats.

Umfangíð er mikið þar sem þrjár á ári er svarað um 400 spurningum um hvern og einn íbúa. Því er ljóst að gífurlegir fjármunir og dýrmætur tími heilbrigðisstarfsfólks á hjúkrunarheimilum fer í RAI-matið.

Fjarveitingar fylgja ekki þróuninni
Mælitækini er meðal annars ætlað að meta gæði þjónustunnar sem heimilin veita, þörf íbúa fyrir hjúkrun og aðstoð ásamt því að móta einstaklingsbundna meðferðaráætlun fyrir hvern og einn íbúa og halda utan um heilsufarsupplýsingar viðkomandi.

Niðurstöður RAI-mats eru sam-
burðarhæfar milli tímabila, hjúkr-
unarheimila og annarra landa og
gefa góða mynd af gæðamálum.
Niðurstöðurnar eru einnig lagðar til
grundvallar við veitingu fjármagns
til einstakra hjúkrunarheimila. Sem

dæmi um það voru greiddir um það
bil 26 milljarðar króna á árinu 2016
til hjúkrunarheimila í gegnum ofan-
greindan samning þar sem um 11
milljarðar skiptast eftir niðurstöðum
RAI-mælitækisins.

Gæðamatshlutinn er gífurlega
gagnlegur í núverandi útgáfu mæli-
tækisins og því viljum við halda. Sá
hluti sem snýr að útteilingu fjár-
magns er umdeildari og úreltari
þar sem hann nær síður yfir þær
breytingar sem orðið hafa á starfi
hjúkrunarheimila á síðustu árum
og áratugum. Sífellt flóknari með-
ferð veikari einstaklinga, sem áður
var veitt á sjúkrahúsum er nú veitt á
hjúkrunarheimilum landsins.

Gamalt mælitæki

Vandinn sem blasir við þeim sem
vinna með RAI-mælitækið er að það
er tæplega 20 ára gamalt. Nýrri og
betri útgáfur eru til, en ekki fæst fjár-
magn til að uppfæra kerfið og færa
hjúkrunarheimilin nær nútímanum.
Ekki hefur heldur fengist fjármagn
til að leiðrétta innbyggðar skekkjur
í núverandi útgáfu þrátt fyrir ábend-
ingar þess efnis til velferðarráðuneytis-
ins. Nýrri útgáfa myndi einnig gefa
möguleika á að tengjast þeim mæli-
tækjum sem Landspítali og heima-
hjúkrun nota fyrir skjólstaðinga sína,
og auka þannig samfellu í meðferð og
öryggi upplýsinga.

Eftirliti verulega ábótavant

Í dag er staðan sú að það er enginn
opinber aðili sem hefur virkt eftirlit
með skráningu hjúkrunarheimila
í mælitækið. Hingað til hefur verið
brotalóm á því að opinber aðili kenni
starfsmönnum hjúkrunarheimila
hvernig eigi að skrá gögn í mælitækið
svo að skráning uppfylli opinberar
kröfur. Afleiðingin er því ósamræmd
skráning í kerfið og staðreyndin sú að



Vandinn sem blasir við þeim sem vinna með RAI-mælitækið er að það er tæplega 20 ára gamalt. Nýrri og betri útgáfur eru til, en ekki fæst fjármagn til að uppfæra kerfið og færa hjúkrunarheimilin nær nútímanum. Ekki hefur heldur fengist fjármagn til að leiðrétta innbyggðar skekkjur í núverandi útgáfu þrátt fyrir ábendingar þess efnis til velferðarráðuneytisins.

hið opinbera gerir kröfu um notkun
mælitækis sem ekki er tryggt að notað
sé með samræmdum og réttum hætti.

Fagræð sem m.a. hafði það hlutverk
var lagt niður í sumar án þess að við-
fangsefninu væri fundinn viðunandi
farvegur. Ef ekkert verður að gert
munum við áfram sitja uppi með
úrelt mælitæki sem ráðstafar, eins
og áður segir, milljörðum króna til
hjúkrunarheimila.

Geri gangskör að breytingum

Við köllum eftir að velferðarráðu-
neytið taki ábyrgð og gegni réttmætri
skyldu sinni og skipi nú þegar í stað
nefnd um mælitækið. Við köllum
einnig eftir að umrædd nefnd verði
skipuð fulltrúum notanda jafnt sem
eftirlitsaðila. Nefndin þarf að hafa
heimild og bolmagn til að standa
fyrir kennslu og uppfærslu á kerfinu
sem og virkt eftirlit með notkun þess.
Á þeim grunni er hægt að byggja upp
trúverðugt verkfæri í stað þess að sitja
uppi með úrelt mælitæki.

Ný persónuverndarlöggjöf: Tíminn er að renna út

Eftir Eybjörgu Hauksdóttur og Gunnhildi E. Kristjánsdóttur

Hinn 27. apríl 2016 undirrituðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins reglugerð nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB.

Reglugerðin öðlaðist gildi í ESB í maí 2016 og kemur til framkvæmda þar frá og með 25. maí 2018. Tafir hafa hins vegar orðið á upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn, en auk þess hefur íslenska ríkið ekki staðið að innleiðingunni með nægilega skilvirkum hætti. Noregur er líkt og Ísland í innleiðingarferli regluverksins á grundvelli aðildar að EES-samningnum, en þar voru lögð fram drög að löggjöf til innleiðingar í júlí 2017. Á Íslandi var það fyrst í seinni hluta nóvember sl. sem skipaður var starfshópur til að innleiða umrædda reglugerð. Drög að nýju lagafrumvarpi voru kynnt hagsmunaaðilum í febrúar sl. og gerð opinber núna í mars. Þrátt fyrir tafirnar er lagt upp með að reglugerðin komi til framkvæmda hér á landi á sama tíma og innan ESB, þ.e. 25. maí nk.

Lítið breyst

Hinn 21. desember 2017 rituðu undirritaðar grein í Morgunblaðið sem bar yfirskriftina „Umfangsmiklar breytingar á persónuverndarlöggjöfinni fram undan“. Í greininni var farið yfir helstu ástæður þess að erfiðlega gengur hjá fyrirtækjum og stofnunum í landinu að innleiða regluverkið og voru stjórnvöld hvött til að láta málið til sín



Eybjörg Hauksdóttir



Gunnhildur E. Kristjánsdóttir

» Stjórnvöld geta ekki ýtt þessu lengur á undan sér, tíminn er að renna út.

taka. Sérstaklega var á það bent að ekki hefði verið gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna innleiðingarvinnunnar við fjárveitingar ríkisins fyrir árið 2017. Núna, þremur mánuðum síðar, hefur lítið breyst hvað varðar fjármögnun verkefnisins. Í fjárlögum ársins 2018 var ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna persónuverndarmála til þjónustuveitenda í heilbrigðisþjónustu. Nú hafa verið birt drög að frumvarpi til innleiðingar á reglugerðinni hér á landi en enga umsögn varðandi kostnaðarmat er þar að finna enn sem komið er.

Umtalsverður kostnaður

Þetta veldur mörgum rekstraraðilum áhyggjum þar sem það liggur fyrir að innleiðing reglugerðarinnar hefur í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir stjórnvöld, opinberar stofnanir og fyrirtækin í landinu. Sem dæmi má taka að samkvæmt reglugerðinni er ábyrgðaraðila og vinnsluaðila skylt að tilnefna persónuverndarfulltrúa í sérhverju til-

viki þar sem vinnsla er í höndum opinbers yfirvalds eða stofnunar (e. public authority or body), að undanskildum dómstólum. Skyldan til tilnefningar persónuverndarfulltrúa hvílir einnig á fyrirtækjum sem hafa það að meginstarfsemi að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar eða viðhafa umfangsmikið, reglubundið og kerfisbundið eftirlit með skráðum einstaklingum. Undir þetta falla fjölmörg fyrirtæki sem starfa á grundvelli þjónustusamninga við hið opinbera. Þessum fyrirtækjum er sniðinn þröngur stakkur með fjárframlögum ríkisins og verkefni sem fjármunir eru ætlaðir í eru ítarlega skilgreindir í samningum.

Verður að koma til fjármagn

Nú þegar hefur skapast töluverður kostnaður af verkefni. Fyrirtæki hafa þurft að ráðast í umfangsmikla vinnu við kortlagningu á vinnslu persónuupplýsinga og gerð vinnsluskráa. Í því skyni hafa þau þurft að leita ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga auk þess sem mikil aukavinna hefur skapast hjá starfsmönnum fyrirtækjanna. Þá eru fjölmargir kostnaðarsamir óvissuþættir fram undan, m.a. varðandi hugsanlegar breytingar á tölvukerfum og vinnuáðstöðu. Þetta setur þessa aðila í erfiða stöðu enda geta þeir ekki stofnað til þessa nauðsynlega kostnaðar nema fyrir liggja að hann verði greiddur.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu gera þá kröfu að stjórnvöld gripi til viðeigandi ráðstafana og auki fjárframlög til veitenda heilbrigðisþjónustu til að mæta þessum auknu og íþyngjandi kröfum. Stjórnvöld geta ekki ýtt þessu lengur á undan sér, tíminn er að renna út.

Eybjörg er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Gunnhildur er sérfræðingur í persónurétti hjá SFV.

Getum við virkilega ekki gert betur?

Eftir Pétur Magnússon og Eybjörgu H. Hauksdóttur

Fyrir nokkrum árum var lögum um málefni aldraða breytt á þann veg að einstaklingar sem eru yngri en 67 ára geta nú búið á hjúkrunarheimilum fyrir aldrada, enda hafi þeir verið metnir í þörf fyrir slíka dvöl af fægni- og heilsumatsnefnd. Í dag eru um áttatíu einstaklingar yngri en 67 ára búsettir á hjúkrunarheimilum. Það geta verið einstaklingar í sérstökum geðhjúkrunarrýmum eða einstaklingar með heilabilun. Hluti þessa hóps er ungt fólk með einhvern sjúkdóm eða hreyfihömlun sem gerir það að verkum að viðkomandi þurfa umtalsverða umönnun og geta ekki búið sjálfstætt þrátt fyrir að andleg fægni sé í góðu lagi.

Þurfa sérúræði

Eðli málsins samkvæmt getur þetta unga fólk búið á hjúkrunarheimilum árum og jafnvel áratugum saman. Þó að mjög æskilegt sé að viðkomandi einstaklingar fái búsetu þar sem veitt er þjónusta við hæfi veltum við því mjög alvarlega



Pétur Magnússon



Eybjörgu H. Hauksdóttir

» Á ungt veikt fólk með mikla þjónustuþörf virkilega ekki betra skilið af velferðarsamfélaginu?

fyrir okkur hvort hjúkrunarheimili fyrir aldrada séu rétta búsetuúræði fyrir þennan hóp, sem hefur sínar þarfir, þrá og væntingar um lífsgæði sem að vonum eru allt aðrar en almennt íbúa hjúkrunarheimila þar sem meðalaldurinn er um 85 ár. Þarfrí hópsins eru oft aðrir en þær sem hjúkrunarheimili geta sinnt þar sem þjónustan er sérhæfð að þörfum og áhuga fólks sem er vel yfir áttætt. Ungir ein-

staklingar hafa almennt mun meiri þörf fyrir samneyti við aðra; vilja komast í bió, á kaffihús eða námskeið og hafa annan tónlistarsmekk og matarsmekk og vilja njóta samveru með sínum jafningjum og jafnöldrum.

Í röngu umhverfi

Einstaklingur sem flyst í hjúkrunarrými í dag sökum öldrunar og afleiðinga sjúkdóma er í allt annarri stöðu. Kröfur til hjúkrunarheimila, skyldur þeirra og skipulag miðast við þennan hefðbundna heimilismann, hinn aldrada einstakling. Ungt fólk á öldrunarstofnun er í röngu umhverfi, röngu úrræði og þjónustan er oft á tíðum að takmörkuðu leyti við þeirra hæfi. Fyrir utan þessar borleggjandi staðreyndir er spurning hvort réttlætianlegt sé að fækka rýmum fyrir aldrada með þeim hætti sem þetta fyrirkomulag hefur í för með sér. Nægur er vandin fyrir vegna skorts á hjúkrunarrýmum fyrir aldrada sem fara mun vaxandi á næstu árum. Auðvitað á samfélag okkar að sjá sóma sinn í því að bjóða ungu fólki með mikla þjónustuþörf sérstök búsetuúræði sem hentar betur en almennt hjúkrunarheimili fyrir aldrada, ef viðkomandi einstaklingar geta á annað borð ekki fengið þjónustu heim til sín.

Nú hefur heilbrigðisráðherra boðað lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir að gildandi aldursmörk, sem einskörða þjónustu dagdvalarrýma við aldrada, verði numin úr gildi og farið verði að bjóða yngri fólki í dagdvalir sem hingað til hafa verið ætlaðar öldruðum. Enda þótt hið nýja fyrirkomulag henti örugglega í einhverjum tilvikum væri samt ánægjulegra að sjá það boðað að setja eigi á fót sérstakar dagdvalir fyrir þá sem yngri eru. Við höfum því miður ekki orðið þess áskynja að slíkt standi til. Líkt og með hjúkrunarheimilin væri slík starfsemi talsvert ólík núverandi almennum rekstri dagdvalar þar sem biðlistar aldrada hafa lengst verulega á síðustu árum. Ungir einstaklingar sem væntanlegir eru í núverandi dagdvalir, fái frumvarp ráðherra brautargengi, verða í mörgum tilfellum í röngu úrræði stóran hluta lífins þar sem erfið er að bjóða bæði umhverfi og þjónustu sérstaklega við þeirra hæfi.

Stefnuleysi

Í nýttkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Sjúkratrygginga Íslands segir: „Það stefnuleysi sem einkennir málaflokkinn hefur leitt til þess að áherslur fjárlaga hverju sinni, tímabundin átaksverkefni og úrlausn tilfallandi vandamála hafa mótad

ákvarðanir um samninga um heilbrigðisþjónustu og þar með þróun heilbrigðiskerfisins.“ Þetta einkenni stefnuleysis í málaflokknum má einnig heimfæra á fleiri reglugerðir og löggjöf stjórnvalda undanfarin ár. Nýr heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að vinna við heildstæða stefnu í málaflokknum sé í gangi í ráðuneyti sínu og eru það mjög ánægjuleg tíðindi. Þeirri vinnu er hins vegar ekki lokið. Slík stefnumótun hefur ekki verið lögð fram og hefur ekki fengið þá rýningu og umræðu sem hún kallar á. Það liggur því ekki fyrir nein heildstæð stefna um hvert hlutverk hjúkrunarheimila og dagdvalar í samfélaginu okkar eigi að vera til framtíðar lítið eða hvort slík heimili séu þau úrræði sem við teljum ákjósanleg fyrir unga veika einstaklinga. Á meðan þetta er staðan teljum við ótímabært að leggja fram stefnumótandi lagafrumvarp eins og það sem boðað hefur verið. Erum við sátt við þau úrræði sem ungu fólki verður boðið upp á nái frumvarpið fram að ganga? Á ungt veikt fólk með mikla þjónustuþörf virkilega ekki betra skilið af velferðarsamfélaginu? Getum við ekki gert betur en þetta?

Höfundar eru formaður og framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Ýmis gögn í tengslum við rammasamning SÍ um þjónustu hjúkrunarheimila.

Á grundvelli rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands fyrir þjónustu hjúkrunarheimila hafa SFV verið falið að tilnefna fulltrúa í ákveðna vinnuhópa. Þá hafa samtökin og SÍ í einhverjum tilfellum talið þörf á að stofna sértækan vinnuhóp þó sérstaklega sé ekki kveðið á um það í rammasamningnum sjálfum. Um er að ræða eftirfarandi vinnuhópa:

Nafn hóps : Samninganefnd um rammasamning

Verkefni hóps: Í nefndinni sitja þeir samningsaðilar sem komu að gerð skilmála rammasamnings SÍ fyrir þjónustu hjúkrunarheimila. Ef upp kemur ágreiningsmál sem ekki næst samstaða um í samstarfsnefnd um rammasamning, skal ágreiningnum vísað til samninganefndar til úrlausnar.

Fulltrúar SFV: Pétur Magnússon (Hrafnista), Bjarki Þorsteinsson (Brákarhlíð), Sigurður Rúnar Sigurjónsson (Eir, Skjól og Hamrar) og Eybjörg Hauksdóttir (SFV).

Nafn hóps : Samstarfsnefnd um rammasamning

Verkefni hóps: Fylgist með framkvæmd rammasamnings (þ.á.m. yfirfara hlutfallstölur vegna einingarverðs og koma með breytingartillögur) og kemur með ábendingar um úrbætur, sbr. 13. gr. rammasamnings.

Dagsetning fyrsta fundar: 8. nóvember 2016.

Fulltrúar SFV: Pétur Magnússon (Hrafnista) og Eybjörg Hauksdóttir (SFV).

Nafn hóps : Fagnefnd samstarfsnefndar um rammasamning

Verkefni hóps: Fylgist með frampróun RAI – matskerfisins og fer yfir RUG – hjúkrunarþyngdarstuðla. Veitir umsagnir um umsóknir vegna „kostnaðarútlaga“. Sjá 13. gr. rammasamnings og bókun 6 í samkomulagi um gerð rammasamnings dags. 6. september 2016.

Fulltrúar SFV: María Fjóra Harðardóttir (Hrafnista).

Nafn hóps : Vinnuhópur um húsnæðismál

Verkefni hóps: Skoða nánar húsnæðismál hjúkrunarheimila, m.a. eignarhald fasteigna, þörf fyrir viðhald og endurbætur o.fl., sbr. bókun 2 í samkomulagi um gerð rammasamnings dags. 6. september 2016.

Fulltrúi SFV: Gísli Páll Pálsson (Mörk) og Sigurður Garðarsson (Hrafnista).

Nafn hóps : Vinnuhópur um rekstrarlíkan

Verkefni hóps: Setja upp raunhæft rekstrarlíkan fyrir stofnanir sem vinna eftir kröfulýsingu velferðarráðuneytisins, sbr. bókun 1 í samkomulagi um gerð rammasamnings dags. 6. september 2016. Hluti af því verkefni er að yfirfara smæðarálag samkvæmt rammasamningi.

Fulltrúar SFV: Harpa Gunnarsdóttir (Hrafnista), Sigurður Rúnar Sigurjónsson (Eir, Skjól og Hamrar) og Eybjörg Hauksdóttir (SFV).

Nafn hóps : Bakhópur einingarverðs

Verkefni hóps: Fer yfir hækkanir á einingarverði rammasamningsins fyrir fulltrúa í samstarfsnefnd um rammasamning. Fer yfir uppgjörsgreiðslur á grundvelli rammasamnings, sem og aðrar greiðslur eftir þörfum.

Fulltrúar SFV: Harpa Gunnarsdóttir (Hrafnista), Sigurður Rúnar Sigurjónsson (Eir, Skjól og Hamrar), Kjartan Kjartansson (Höfði) og Eybjörg Hauksdóttir (SFV).

Staða verkefnis: Varðandi einingarverð ársins 2018 voru þónokkrir kostnaðarliðir sem ekki skiluðu sér í hærra einingarverði. Ítrekað hafa verið gerðar athugasemdir við það og krafist úrbóta, en málið er enn í vinnslu.

Nafn hóps: Útlagakostnaður og gagnaöflun

Verkefni hóps: Vinnuhópinum var falið að yfirfara og útfæra nánar minnisblað SFV dags. 14. júní 2017 um útlagakostnað. Átti einkum að skoða hvaða gögn væri raunhæft að leggja til grundvallar við afmörkun kostnaðar í umsókn til SÍ um endurgreiðslu slíks kostnaðar. Vinnuhópurinn skilaði af sér minnisblaði með sinni niðurstöðu í desember 2017, en ekki hefur náðst samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands um afgreiðslu málsins. Málið er enn í vinnslu.

Fulltrúar innan SFV: Arnór Benónýsson, Bjarney Sigurðardóttir, Elín Helga Gunnarsdóttir, Eybjörg H. Hauksdóttir, Gréta Garðarsdóttir, Jóna Helga Magnúsdóttir, Lúðvík Freyr Sæmundsson, Matthildur Ásmundardóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Sigurbjörn Björnsson.

Aðrir fulltrúar: Magnús Már Steinþórsson (Lyfjaver) og Þórbergur Egilsson (Lyfja).

Að beiðni fulltrúa SFV voru í vor gerð minnisblöð um stöðu verkefna þriggja þessara vinnuhópa og þeim skilað til samstarfsnefndar um rammasamning. Minnisblöðin, auk minnisblað útlagahópsins, má sjá hér.

MINNISBLAÐ

til samstarfsnefndar um rammamning SÍ fyrir þjónustu hjúkrunarheimila

- Staða vinnuhóps um rekstrarlíkan

Verkefni starfshópsins er að fjalla um rekstrarkostnað þeirra hjúkrunarheimila sem rammamningurinn nær til og leggja mat á kostnað við framkvæmd kröfulýsingar sem er hluti rammamningsins. Starfshópurinn hefur einnig það hlutverk að setja upp raunhæft rekstrarlíkan. Verkefnaskil voru sett þann 1. febrúar 2017 en ljóst var í upphafi að sá tími væri mjög knappur. Starfshópurinn hefur hist nokkuð reglubundið á tveggja vikna fresti frá því um miðjan janúar 2017.

Starfshópurinn ákvað að skipta verkefninu í tvo áfanga. Fyrri áfangi verkefnisins lýtur einungis að greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila fyrir árið 2016, sem sóttu um aðild að rammamningi SÍ í lok ársins. Ekki var skoðað hvort og þá að hve miklu leyti hjúkrunarheimilin eru að uppfylla opinberar kröfur skv. lögum og reglugerðum eða skv. þeim kröfum sem koma fram í rammamningnum og í kröfulýsingu velferðarráðuneytisins. Ákveðið var þó að starfshópurinn myndi taka til skoðunar þann launakostnað sem fylgir viðmiðum Embættis landlæknis um mönnun á hjúkrunarheimilum og bera saman við raunlaunakostnað heimilanna í þessum áfanga. Þessum áfanga lauk með útgáfu skýrslu í lok febrúar 2018, *Rekstrarlíkan hjúkrunarheimila Áfangaskýrsla -greining á rekstrarkostnaði*.

Í seinni áfanga verkefnisins verður rýnt betur í þær kröfur sem lagðar eru á hjúkrunarheimilin og þann raunkostnað sem fellur til við að uppfylla þær kröfur. Kröfugerð hins opinbera er þó að mörgu leyti óljós og því reyndist seinni áfangi verkefnisins viðameiri og flóknari en lagt var upp með. Hluti af seinni áfanga felur einnig í sér nánari rýni á svonefndu „smæðarálagi“ hjúkrunarheimila. Bæði þarf að greina betur áhrif stærðarhagkvæmni hjúkrunarheimila á heildarkostnað, sem og kortleggja betur falinn rekstrarkostnað sem virðist fylgja minni hjúkrunarheimilum, bæði með hliðsjón af þjónustu sem er niðurgreidd af sveitarfélögum sem og með hliðsjón af mismunandi þjónustustigi hjúkrunarheimila.

Vinna við seinni áfanga verkefnisins er ekki hafinn. Báðir þeir fulltrúar sem SÍ höfðu tilnefnt í verkefnið hafa látið af störfum. Fulltrúar SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga bíða eftir fundarboði frá SÍ vegna þessa.

Reykjavík, 6. apríl 2018
f.h. SFV.

Eybjörg Hauksdóttir

Minnisblað til samstarfsnefndar rammasamnings hjúkrunarheimila um RAI – fagnefnd

Starfshópur*: RAI – fagnefnd

Verkefni fagnefndarinnar er að fylgjast með framþróun RAI-matskerfisins og fara yfir RUG hjúkrunarþyngdarstuðla. Einnig að beita sér fyrir því að bókun 6 í rammasamningi hjúkrunarheimila í tengslum við kennslu á RAI gagnagrunninn verði fylgt eftir.

Starfshópurinn hittist nokkuð reglubundið á 4 vikna fresti á tímabilinu janúar- júní 2017. Tengt bókun 6 í rammasamning þá setti Embætti Landlæknis inn rafrænt námskefni um skráningu í RAI matskerfið á vef sinn á haustmánuðum 2017.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu, dags. 12. apríl 2017, til Velferðarráðuneytisins og einnig til Embætti landlæknis þar sem óskað var eftir leiðréttingu á skekkjum í núgildandi RUG hjúkrunarþyngdarstuðlum. Skýrslunni var fylgt eftir með kynningu fyrir aðila í fagráði um RAI matstæki á vegum Embætti landlæknis (EL) þann 16. júní 2017. Þann 20. júní lagði EL niður það fagráð og því hefur verið óljóst af hálfu starfshópsins hver skuli fylgja eftir ábendingum og álitamálum er varðar RAI mælitækið. Hópurinn hittist síðast í október 2017. Þar sem framtíð mælitækisins er óljóst þá hefur frekari vinna starfshópsins legið niðri síðan.

Þann 10. október 2017 sendi starfshópurinn ásamt forstjóra Sjúkratrygginga Íslands og skrifstofustjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bréf til Velferðarráðuneytisins þar sem óskað var eftir viðræðum um framtíð RAI mælitækisins. Ekki hafa borist svör við því bréfi.

Þess má geta að EL hefur hafið vinnu í samstarfi við KPMG um notkun og skilvirkni RAI mælitækisins. Ekki er ljóst hvenær þessari vinnu lýkur en hún mun hugsanlega hafa áhrif á áframhaldandi vinnu starfshópsins.

**Ekki var unnt að klára vinnu fyrir 1. mars 2018 líkt og rammasamningur segir til um.*

Vinnuhópur um húsnæðismál skv. rammasamningi um þjónustu hjúkrunarheimila

Starfshópurinn og verkefnið

Í samræmi við 23 gr. Rammasamnings, milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila skipaði samstarfsnefnd aðila rammasamnings fulltrúa í vinnuhóp um húsnæðismál. Í Bókun 2 – Húsnæðismál er gert grein fyrir verkefnum hópsins en þar segir: „Aðilar eru sammála um að skipa vinnuhóp sem skoði nánar húsnæðismál hjúkrunarheimila. Vinnuhópurinn verður skipaður tveimur fulltrúum frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum fulltrúa frá SÍ, einum fulltrúa frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einum fulltrúa frá velferðarráðuneytinu.

Verkefni vinnuhópsins verði m.a. að skoða eignarhald á húsnæði hjúkrunarheimila, kostnað við eignarhald, framlög opinberra aðila til byggingar og viðhalds hjúkrunarheimila og uppsafnaða þörf fyrir viðhald- og endurbætur eldri heimila. Þá eru aðilar sammála um að leggja mat á eðlilegan kostnað við rekstur húsnæðis hjúkrunarheimila. Vinnuhópurinn skal skila niðurstöðum sínum og tillögum til heilbrigðisráðherra. Stefnt skal að því að vinnuhópurinn skili af sér 1. febrúar 2017 eða eigi síðar en 1. júní 2017.

Vinnuhópurinn ákvað að skoða fyrst eignarhald á húsnæði hjúkrunarheimila og síðan kostnað við eignarhald, framlög opinberra aðila til byggingar og viðhalds hjúkrunarheimila og uppsafnaða þörf fyrir viðhald- og endurbætur eldri heimila.

Í vinnuhópnum um húsnæðismál voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Frá Sjúkratryggingum Íslands:

Þröstur Óskarsson, deildarstjóri, Deild hjúkrunarheimila og sjúkrahúspjónustu

Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV)

Gísli Páll Pálsson, forstjóri, Mörk hjúkrunarheimili

Sigurður Garðarsson, framkvæmdastjóri, Sjómannadagsráðs

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri, Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu:

Steinunn Sigvaldadóttir, sérfræðingur, Skrifstofa stjórnunar og umbóta

Frá Velferðarráðuneytinu:

Jóhanna Lind Elíasdóttir, sérfræðingur, Skrifstofa fjármála

Eignarhald húsnæðis hjúkrunarheimila

Til að fá upplýsingar um eignarhald á húsnæði hjúkrunarheimila þá var heimilunum send fyrirspurn þann 20. febrúar 2017. Jafnframt var óskað eftir staðfestingu (afriti úr þinglýsingaskrá) sem sýna eignarheimildir þeirra fasteigna sem rekstraraðilar hjúkrunarheimila veita afnot af fyrir rekstur heimilanna. Óskað var eftir svörum fyrir 20. mars. Svörun var slæleg svo erindið var ítrekað þann 5. apríl. Þann 19. júní höfðu borist svör frá 21 hjúkrunarheimili. Þann 18. desember var sent formlegt bréf til rekstraraðila hjúkrunarheimila og bent á að nauðsynlegt sé að heimilin svari fyrirspurninni frá 20. febrúar, gefinn var frestur til 30. desember. Eftir þessa síðustu ítrekun bárust loks fullnægjandi svör. Ljóst er að ef

Vinnuhópur um húsnæðismál skv. rammasamningi um þjónustu hjúkrunarheimila

vinnuhópurinn á að geta lokið verkefnum sínum þá verða rekstraraðilar hjúkrunarheimila að bregðast skjótt við þeim fyrirspurnum sem hópurinn gerir. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir eignarheimildir hjúkrunarheimila, samkvæmt innsendum svörum.

A. Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins	Húsnæðisfermetrar hjúkrunar og dvalarrýma	Fjöldi hjúkrunar-ryma	Fjöldi dvalar-ryma	Fjöld sérhæfðra rýma	Eignarhald húsnæðis	
Hrafnista, Reykjavík	14827,00	201	14	0	Heimilið	sveitarfélag
Hrafnista, Hafnarfirði	13247,00	176	30	0	Sjómannadagsráð	
Grund, Reykjavík	9393,00	181	11	0	Grund	
Skógarbær, Reykjavík	4181,00	70	1	11	Skógarbær hjúkrunar	Reykjavíkurborg
Mörk, Reykjavík	7345,00	93	0	20	?	?
Róðasalur, Kópavogi	660,00	11	0	0	Kópavogsbær	
Sunnuhlið, Kópavogi	4071,00	66	0	4		Ríkissjóður
Hamrar, Mosfellsbæ	Leiguleið	30	0	0	Mosfellsbær	
Hrafnista, Bóðabíngi, Kópavogi	2586,00	44	0	0	Kópavogsbær 15%	Ríkissjóður 85%
Hjúkrunarheimilið Skjól, Reykjavík	6608,00	107	0	0	Skjól ses	
Eir, Reykjavík	10933,50	161	0	24	Eir ses	
Droplaugarstaðir, Reykjavík	5445,00	78	0	3	Reykjavíkurborg	
Seljahlið, Reykjavík	1200,00	20	0	0	Reykjavíkurborg	
Hrafnista, Ísafold	Leiguleið	60	0	0	Garðabær	
B. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja						
Hrafnista, Hlévangur, Reykjanesbæ	1800,00	30	0	0	Dvalarheimili Suðurnesja	
Hrafnista, Nesvellir, Reykjanesbæ	Leiguleið	60	0	0	Reykjanesbær	
C. Heilbrigðisumdæmi Vesturlands						
Barmahlið, Reykhólmur	910,00	14	2	0	Reykhólahreppur	
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	1470,00	14	3	0	Stykkishólmsbær	
Jaðar, Ólafsvík	832,00	12	5	0	Snæfellsbær	
Brákarhlíð, Borgarnesi*	1858,60	37	17	0	Borgarbyggð	
Höfði, Akranesi	5870,00	65	9	0	Höfði	
Fellaskjól, Grundarfirði	735,00	10	2	0	Fellaskjól, dvalarheimili	
Silfurtún, Búðardal	1466,00	10	2	0	Dalabyggð	
Fellsendi, Búðardal	1560,00	26	0	0	Minningarsjóður hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tón	
HVE Akranesi	Leiguleið	15	0	0		
D. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða						
E. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands						
Grenihundur, Grenivík	765,00	7	3	0	Grytubakkahreppur	
Hornbrekka, Ólafsfirði	1441,00	21	5	0	Fjallabyggð	
Hvammur, Húsavík*	6661,60	30	11	0	Dvalarheimili aldraðra Húsavík	
Sæborg, Skagströnd	900,00	9	0	0	Félags- og skólabjónusta A-Hún	
Óldrunarstofnun Akureyrar**	9738,00	171	12	0	Akureyrarbær	
Naust, Þórshöfn	620,60	11	3	0	Langanesbyggð	
Dalbær, Dalvík	2460,00	27	11	0	Dalbær	
HSN Blönduósi	310,50	0	9	0	40% Héraðsnefnd A-	Ríkissjóður 60%
HSN Sauðárkóki	565,00	0	9	0	15% sveitarfél. Skaga	Ríkissjóður 85%
F. Heilbrigðisumdæmi Austurlands						
Uppsálar, Fáskrúðsfirði	1444,00	15	10	0	Fjarðabyggð	
Sundabúð, Vopnafríði	660,00	10	0	1	Vopnafjarðarhreppur	
Hulduhlíð, Eskifirði	1200,00	20	0	0	Fjarðabyggð 15%	Ríkissjóður 85%
G. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands						
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2388,00	29	8	0	Vestmannaeyjabær	
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hornafirði	1242,20	24	6	0	Sveitarf. Hornafj. 15%	Ríkissjóður 85%
Kirkjuhvöll, Hvalsvellir	2258,00	24	3	1	Rangárþing eystra	
Klausturbólar, Kirkjubæjarklaustri	1105,00	17	2	0	Skaftárhreppur	
Lundur, Hellu	1783,60	32	2	0	sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásah	
Ás, Hveragerði	5292,00	43	50	0	Grund	
Ás, Hveragerði, geórymi	2009,00	39	0	0	Grund	
Sólvellir, Eyrbakkas	528,30	8	11	0	Samtaka áhugamanna um dvalarheimili aldraðra á Eyrbakkas	
Hjallatún, Vík	854,00	15	0	0	Mýrdalshreppur	

**Vinnuhópur um húsnæðismál skv. rammasamningi
um þjónustu hjúkrunarheimila**

Kostnaður við eignarhald og uppsöfnuð þörf fyrir viðhald og endurbætur eldri heimila
Vinnuhópurinn er nú að senda út spurningalista til rekstraraðila hjúkrunarheimila þar sem
spurt verður út í þessi atriði.

Framlög opinberra aðila til byggingar og viðhalds hjúkrunarheimila
Vinnuhópurinn hefur yfirlit yfir greiðslur frá framkvæmdasjóði aldraðra til ársins 2010.
Óskað verður eftir frekari upplýsingum frá velferðarráðuneytinu vegna þessa liðs.

6. mars 2018

Vinnuhópur um húsnæðismál skv.
Rammasamningi um þjónustu hjúkrunarheimila

Minnisblað

Útlagakostnaður skv. rammasamningi SÍ

I. Almenn

Samkvæmt rammasamningi SÍ fyrir þjónustu hjúkrunarheimila er gert ráð fyrir að greiddur sé kostnaður vegna íbúa hjúkrunarheimila sem þurfa sérhæfða heilbrigðisþjónustu og/eða lyfjameðferð sem er óvenju kostnaðarsöm. Hjúkrunarheimilum skal heimilt að sækja um greiðslur vegna þessa, sbr. 8. gr. rammasamnings SÍ, gjaldliður nr. 8.

II. Umsóknir vegna ársins 2016

SÍ hafa þegar afgreitt umsóknir hjúkrunarheimila vegna ársins 2016.

III. Umsóknir vegna ársins 2017

Vinnuhópur á vegum SFV leggur til að eftirfarandi kostnaðarútlagar verði greiddir vegna ársins 2017 og að umsóknir verði afmarkaðar með eftirfarandi hætti:

A. Vegna kostnaðar við eftirfarandi aðgerðir / meðferðir sem framkvæmdar voru á árinu 2017 þarf að fylla út excel-skjal SÍ, sbr. flipa A í fskj. 1:

- a. Augnsteinaaðgerðir
- b. Sprautun í augnbotna
- c. Blóðgjöf
- d. Talþjálfun
- e. Ambulant aðgerðir

Öllum beiðnum þurfa að fylgja afrit þeirra reikninga sem heimilið krefst endurgreiðslu á og hefur greitt sérfræðilæknum/heilbrigðisstofnun vegna aðgerðar, viðtala fyrir aðgerð og eftirfylgni (ef við á).

B. Vegna kostnaðar við eftirfarandi hjálpartæki þarf að fylla út excel-skjal SÍ, sbr. flipa B í fskj. 1:

- a. Stoðtæki og gervihlutar
- b. Súrefnissíur
- c. Sérhæfð hjálpartæki

Öllum beiðnum þurfa að fylgja afrit þeirra reikninga sem heimilið krefst endurgreiðslu á.

C. Vegna sértæks kostnaðar þarf að fylla út excel-skjal SÍ, sbr. flipa C í fskj. 1:

- a. Sjúkraflutningar.

Kostnaður við sjúkraflutninga umfram kr. 30.000. er samþykktur til greiðslu að hluta. Þ.e. SÍ samþykkir greiðslu á 85% af heildarkostnaði sem til fellur og er umfram kr. 30.000 pr. einstakling. Hjúkrunarheimilið greiðir sjálft allan sjúkraflutningskostnað einstaklings upp að kr. 30.000 og svo 15% af því sem útaf stendur.

- b. Kostnaður vegna heimilismanns með sondu.
- c. Kostnaður við sárasugumeðferðir.
- d. Kostnaður vegna sérstaks eftirlits, t.d. vegna ofbeldishneigðar eða einangrunar vegna sýkingar.
- e. Kostnaður vegna sérfræðilækna og flókinna meðferðar sl. 12 mánuði.

Öllum beiðnum þurfa að fylgja afrit þeirra reikninga sem heimilið krefst endurgreiðslu á.

D. Vegna lyfjakostnaðar þarf að fylla út excel-skjal SÍ, sbr. flipa D í fskj. 1:

- a. Tilvik þar sem kostnaður við eina lyfjameðferð einstaklings er umfram kr. 280.000.
- b. Tilvik þar sem lyfjakostnaður eins heimilismanns á 12 mánaða tímabili er umfram kr. 400.000.
- c. Tilvik þar sem heildarlyfjakostnaður hjúkrunarheimilis fer umfram 3% af heildar rekstrarkostnaði heimilisins.

Öllum beiðnum skv. lið a og b þurfa að fylgja yfirlit sem sýna tímabil, tegund lyfja og magn, eins og tilgreint er í excel-skjali SÍ. Beiðnum skv. c lið þurfa að fylgja afrit ársreikninga, sem og yfirlit yfir heildarlyfjakostnað heimilisins, eins og tilgreint er í excel-skjali SÍ.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu SÍ að samkvæmt 8. gr. rammasamningsins séu takmarkaðir fjármunir til greiðslu útlagakostnaðar. SFV gerir þá kröfu að ekki verði um slíkt fyrirkomulag að ræða til lengri tíma, heldur að hjúkrunarheimilin geti gengið út frá því að fá þennan útlagakostnaðan greiddan að fullu.

Ef það er hins vegar ekki ætlun SÍ að greiða ekki allar samþykktar útlagakröfu vegna ársins 2017 að fullu, er gerð sú krafa að samþykktar kröfur verði þá greiddar jafnt (hlutfallslega), óháð tilefni þeirra.

IV. Umsóknir vegna ársins 2018

SFV leggur til að umsóknir vegna ofangreindra þátta verði með sambærilegum hætti vegna ársins 2018. Til viðbótar þurfi þó að hækka einingarverð fyrir blóðskilunargjaldið í gjaldskrá SÍ samkvæmt rammasamningi. Ennfremur þyrfti að skoða hvort skipta skuli slíkum greiðslum upp eftir fjarlægð hjúkrunarheimilis frá þeim spítala þar sem farið er með heimilismann í blóðskilun.

Þá þarf að gera ráð fyrir að önnur tilvik kunni að koma upp á seinni stigum sem aðilar telja eðlilegt að falli undir „kostnaðarútlaga“.

Tilgangur sérstaks kerfis vegna kostnaðarútlaga er að skilgreina sérstök, kostnaðarsöm tilfelli sem upp geta komið og verður ekki talið að geti falist inn í greiðslum samkvæmt hefðbundnu daggjaldi. Slíkt fyrirkomulag er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að slík tilfelli setji rekstur minni eininga úr skorðum, til að koma í veg fyrir að hjúkrunarheimili veigri sér við að velja einstaklinga með tiltekna sjúkdóma til vistunar á heimilinu, sem og verja réttindi einstaklingsins til ákveðinnar þjónustu og meðferðar óháð búsetu. Þessum tilgangi verður einungis náð ef það er tryggt, með gegnsæjum, fyrirfram ákveðnum hætti, að þessi „útlagakostnaður“ sé greiddur **að fullu**, utan hins hefðbundna daggjalds.

Vegna þessa er ekki hægt að fallast á að greiðslur vegna „kostnaðarútlaga“ séu takmarkaðar við tiltekinn „pott“. Hætt er við því að slíkt kerfi leiði til þess að greiðslurnar hafi ekki tilætluð áhrif. Er því rétt að engin takmörk séu sett á þær greiðslur sem getur komið til vegna kostnaðarútlaga, eða

a.m.k. að það greiðsluþak verði ákvarðað á síðari stigum (eftir nokkurra ára reynslu af fyrirkomulaginu) og þá mjög rúmt. Er skorað á SÍ að beita sér fyrir fjármögnun á slíku fyrirkomulagi.

V. Framtíðarfyrirkomulag

SFV telur mikilvægt að sérstaklega sé hugað að því fyrirkomulagi til framtíðar að heimilismenn missi ekki sín réttindi við það að innritast inn á hjúkrunarheimili. Breyta þarf reglugerðum nr. 427/2013 og 1155/2013 með tilliti til þessa, en einnig ráðast í viðtækari kerfisbreytingu.

Réttindi einstaklings til hjálpartækja og niðurgreiðslu ákveðinnar heilbrigðiþjónustu eiga að vera almenn og til staðar óháð búsetu.

Reykjavík, 5. desember 2017
í vinnuhóp á vegum SFV sátu:

Arnór Benónýsson
Bjarney Sigurðardóttir
Elín Helga Gunnarsdóttir
Eybjörg H. Hauksdóttir
Gréta Garðarsdóttir
Jóna Helga Magnúsdóttir
Lúðvík Freyr Sæmundsson
Magnús Már Steinþórsson
Matthildur Ásmundardóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Sigurbjörn Björnsson
Þórbergur Egilsson

Núgildandi lög Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

1. gr. Nafn, heimili og varnarþing.

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur samtakanna er að:

- a. Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- b. Stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisfyrirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni
- c. Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- d. Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

3. gr. Aðild.

Aðild að samtökunum geta átt þau fyrirtæki sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Sveitarfélagi er þó heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinna rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður árgjald til samtakanna. Árgjöld skulu miðast við stærð og rekstrarumfang stofnana. Annars vegar er um að ræða grunngjald er öll aðildarfélög greiða að jöfnu og hins vegar hlutfallsgjald, hlutfall af heildartekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar.

5. gr. Stjórn.

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 mönnum. Formaður skal kosinn sérstaklega. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda.

6. gr. Stjórnarfundir.

Á fyrsta fundi eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórn skal tilnefna formann launanefndar samtakanna.

Formaður ákveður fundi stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

7. gr. Starfsmaður.

Stjórn er heimilt að ráða starfsmann og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta stofnana.

8. gr. Reikningar.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af gjaldkera og skoðunarmönnum skal lagt fyrir stjórn og síðan aðalfund til samþykktar.

9. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur samtakanna skal haldinn árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

10. gr. Atkvæðagreiðslur og kosningar

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við heildartekjur aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.
- Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

11. gr. Fundir.

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

12. gr. Lagabreytingar.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi, en tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði.

Lög samþykkt á aðalfundi SFV 3. apríl 2017.

Reykjavík 22. mars 2018

Fundarboð

Boðað er til aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu mánudaginn 16. apríl nk. kl. 13.30. Fundurinn verður haldinn hjá Krabbameinsfélaginu, Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Gott væri að fá staðfestingu á móttöku þessa fundarboðs og upplýsingar um hverjir munu mæta á fundinn á netfangið eybjorg@samtok.is. Rétt er að vekja athygli á 9. grein laganna en þar segir: “Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga eða fulltrúar þeirra.”

Vakin er athygli á að stjórn SFV leggur til að gerðar verði breytingar á 4. gr. laga samtakanna er lýtur að útreikningi aðildargjalda, sbr. meðfylgjandi *Tillaga að lagabreytingu og Greinargerð með tillögu að lagabreytingu*.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, ávarpa fundinn.

Aðalfundur SFV 16. apríl 2018

Tillaga að lagabreytingu

Lagt er til að núgildandi ákvæðum laga SFV verði breytt með eftirfarandi hætti:

Í núgildandi lögum hljóðar 4. gr. svo:

3. gr. Árgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald til samtakanna. Árgjöld skulu miðast við stærð og rekstrarumfang stofnana. Annars vegar er um að ræða grunngjald er öll aðildarfélög greiða að jöfnu og hins vegar hlutfallsgjald, hlutfall af heildartekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar.

Lagt er til að breytt ákvæði hljóði svo:

4. gr. Árgjöld.

Aðalfundur ákveður árgjald til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfang stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi. Fjárhæð grunngjaldsins getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarfélaga innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum). Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greiddar eru af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Þrátt fyrir þetta er heimilt að taka ákveðna þjónustuþætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar. Úrsögn úr samtökunum þarf að berast fyrir 1. febrúar, ef aðildarfélag ætlar ekki að greiða aðildargjald fyrir það ár.

Reykjavík, 22. mars 2018
f.h. stjórnar SFV

Eybjörg Hauksdóttir framkv.stj.

Aðalfundur SFV 16. apríl 2018

Greinargerð með tillögu að lagabreytingu

Almennt

Samkvæmt núgildandi lögum SFV er talað um að aðildargjöld skuli vera hlutfall af heildartekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu. Komið hefur í ljós að aðildarfélög innan samtakanna hafa túlkað ákvæðið með mismunandi hætti. Skipaði stjórn SFV því lítinn vinnuhóp innan samtakanna til að fara yfir lagaákvæði samtakanna hvað þetta varðar og fyrirkomulag aðildargjaldanna almennt.

Í vinnuhópnum voru: Eybjörg Hauksdóttir (SFV), Ásgerður Th. Björnsdóttir (SÁÁ), Harpa Gunnarsdóttir (Hrafnistuheimilin), Kjartan Kjartansson (Höfði) og Anna Birna Jensdóttir (Sóltún).

Vinnuhópurinn gerir tillögu að breytingu á 4. gr. laga SFV í samræmi við meðfylgjandi skjal og er sú afstaða rökstudd nánar hér að neðan.

Tekið skal fram að hluti af tillögum vinnuhópsins kalla ekki á sérstaka lagabreytingu. Hins vegar var talið eðlilegt að aðildarfélögin yrðu upplýst að fullu um þær breytingar sem stjórn gerir ráð fyrir að farið verði í ef breytingartillagan verður samþykkt.

Greinargerð vinnuhóps

Fyrirkomulag við ákvörðun árgjalda SFV hefur verið það sama frá stofnun þeirra árið 2002. Til að standa undir kostnaði við samtökin greiða aðildarfélögin grunngjald, sem er sama fjárhæðin fyrir öll aðildarfélögin, auk viðbótargjalds sem skiptist milli aðildarfélaganna eftir heildartekjum og nær yfir þann kostnað sem út af stendur. Upphaflega var grunngjaldið kr. 50.000 og hefur (samkvæmt því sem elstu menn muna) einungis einu sinni verið hækkað frá stofnun samtakanna, en það er í dag kr. 70.000. Taldi vinnuhópurinn því eðlilegt að endurskoða fjárhæð grunngjaldsins.

Grunngjald að fjárhæð kr. 50.000 frá árinu 2002, uppreiknað með breytingum á neysluvísitölu fram til ársins 2018 er u.þ.b. kr. 100.000. Taldi vinnuhópurinn það hæfilegt almennt grunngjald, en fjárhæð grunngjalds er ekki sérstaklega tilgreind í lögum samtakanna.

Umfang og starfsemi samtakanna hefur vaxið umtalsvert undanfarin ár, verkefnum fjölgað og þjónusta aukist. Aðildarfélögum hefur einnig fjölgað, en í dag eru aðildarfélögin 45 talsins, þar af 37 hjúkrunar – eða dvalarheimili. Þar sem meirihluti aðildarfélaganna eru hjúkrunarheimili, eru þau orðin talsvert fyrirferðarmikil í hagsmunagæslu á vegum samtakanna. Þannig komu fulltrúar SFV að gerð rammasamnings fyrir hjúkrunarheimilin og gæta þar sameiginlegra hagsmuna heimilanna að mörgu leyti, eiga sæti í samstarfsnefnd um rammasamning og í ýmsum vinnuhópum sem stofnaðir voru á grundvelli rammasamningsins. Taldi vinnuhópurinn sanngjarnt að sú þjónusta myndi endurspeglast í hærri grunngjaldi hjá hjúkrunarheimilum heldur en öðrum tegundum aðildarféлага. Er það tillaga vinnuhópsins að grunngjald hjúkrunar – og dvalarheimila í samtökunum verði kr. 170.000.

Þá er vinnuhópurinn með þá tillögu að að heimilt verði að afmarka ákveðna þjónustuþætti samtakanna og fjármagna þá sérstaklega. Eitt dæmi um slíka þjónustu er þjónusta

persónuverndarfulltrúa, en það verkefni fór stað á síðasta ári og er sérstaklega fjármagnað af þeim aðildarfélögum sem þiggja þá þjónustu.

Einnig er það tillaga vinnuhópsins að kostnaður samtakanna vegna launanefndar SFV, sem sér um gerð kjarasamninga fyrir 25 af aðildarfélögum samtakanna við ýmis stéttarfélög, verði sérstaklega fjármagnaður af þeim aðildarfélögum sem skilað hafa kjarasamningsumboði sínu til samtakanna. Sá kostnaður verði fjármagnaður hlutfallslega út frá heildartekjum umræddra aðildarfélaga. Þessi kostnaður er hlutfallslega lítill af heildarkostnaði samtakanna og hefur þessi skipting því ekki mikil áhrif á heildargreiðslur umræddra aðildarfélaga. Aðskilnaður þessa kostnaðar frá öðrum rekstrarkostnaði samtakanna veitir hins vegar þeim aðildarfélögum sem nýta sér þessa þjónustu tækifæri til að stýra betur hvernig störf þeirra nefndar þróast og styrkja hana sérstaklega í framtíðinni ef þörf krefur. Slík styrking yrði þá ennfremur einungis á kostnað þeirra aðildarfélaga sem nýta sér þjónustu launanefndarinnar.

Auk ofangreindra atriða er það tillaga vinnuhópsins að tekið verði af skarið um að úrsögn úr samtökunum þurfi að berast fyrir 1. febrúar, að öðrum kosti þurfi aðildarfélög að greiða árgjald yfirstandandi árs. Tekið skal fram að auðvitað geta aðildarfélög sagt sig úr samtökunum á hvaða tímapunkti sem er, þetta ákvæði tekur bara til tímapunkts úrsagnar út frá greiðsluskýldu aðildargjalds.

Yfirlit aðildargjalda

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir aðildargjöld aðildarfélaga SFV fyrir árið 2017 og áætluð aðildargjöld fyrir árið 2018. Tekið er fram að inni í þessum tölum er 4% áætluð hækkun á útgjöldum samtakanna milli ára.

	Árgjald ný tillaga	Viðbótargjald v/launanefndar	Nýtt heildargjald
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	556.585 kr.	193.622 kr.	750.207 kr.
Brákarhlíð, dvalar- og hjúkrunarheimili	342.295 kr.	86.294 kr.	428.590 kr.
Dalbær, Dalvík	302.982 kr.	64.983 kr.	367.965 kr.
Droplaugarstaðir, Reykjavík	514.163 kr.		514.163 kr.
Dvalarheimilið Stykkishólmi	230.427 kr.		230.427 kr.
Eir, Reykjavík	981.284 kr.	406.332 kr.	1.387.617 kr.
Fellaskjól	203.781 kr.		203.781 kr.
Fellsendi, Búðardal	265.552 kr.	47.857 kr.	313.409 kr.
Grenilundur	203.383 kr.		203.383 kr.
Grund, Reykjavík	832.833 kr.	331.981 kr.	1.164.814 kr.
Hamrar hjúkrunarheimili ehf.	285.765 kr.	57.981 kr.	343.746 kr.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hornafirði	275.505 kr.		275.505 kr.
Hjallatún, Vík	224.444 kr.		224.444 kr.
Hlíðabær	127.615 kr.	13.831 kr.	141.446 kr.
Hornbrekka, Ólafsfirði	258.537 kr.	44.344 kr.	302.881 kr.

Hrafnista Hlévangir	293.595 kr.	61.903 kr.	355.498 kr.
Hrafnista Nesvellir	398.839 kr.	114.614 kr.	513.454 kr.
Hrafnista, Hafnarfirði	928.403 kr.	379.847 kr.	1.308.250 kr.
Hrafnista, Kópavogi	361.403 kr.	95.864 kr.	457.267 kr.
Hrafnista, Rvík	1.001.520 kr.	416.468 kr.	1.417.988 kr.
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	302.344 kr.		302.344 kr.
Hulduhlíð, Eskifirði	259.669 kr.		259.669 kr.
Hvammur, Húsavík	316.874 kr.		316.874 kr.
Höfði, Akranesi	442.188 kr.		442.188 kr.
Hrafnista - Ísafold	385.986 kr.	108.177 kr.	494.163 kr.
Jaðar dvalarheimili	224.761 kr.		224.761 kr.
Karitas hjúkrunar - og ráðgjafarþjónusta	129.502 kr.		129.502 kr.
Kirkjuhvoll	295.409 kr.		295.409 kr.
Krabbameinsfélagið, Reykjavík	277.287 kr.	88.794 kr.	366.081 kr.
Leiðarljós / Heilsueflingarmiðstöðin	123.294 kr.		123.294 kr.
Lundur, Hellu	286.277 kr.	58.238 kr.	344.515 kr.
Múlabær	145.656 kr.	22.867 kr.	168.523 kr.
Mörk, Reykjavík	618.921 kr.	224.842 kr.	843.763 kr.
SÁÁ, Reykjavík	427.176 kr.	163.866 kr.	591.042 kr.
Seljahlíð, Reykjavík	249.824 kr.		249.824 kr.
Silfurtún, Búðardal	212.122 kr.		212.122 kr.
Sjálfsbjargarheimilið	318.226 kr.	109.299 kr.	427.525 kr.
Skjól, Reykjavík	580.706 kr.	205.702 kr.	786.408 kr.
Skógarbær, Reykjavík	492.219 kr.	161.384 kr.	653.603 kr.
Sólheimar Grímsnesi	240.531 kr.		240.531 kr.
Sóltún, Reykjavík	588.754 kr.	192.072 kr.	780.826 kr.
Sundabúð, Vopnafirði	214.929 kr.		214.929 kr.
Uppsáir, Fáskrúðsfirði	238.706 kr.		238.706 kr.
Vigdísarholt	467.168 kr.	148.837 kr.	616.005 kr.
Öldrunarstofnanir Akureyrarbæjar	872.558 kr.		872.558 kr.
	17.300.000	3.800.000 kr.	
Samtals áætlaðar tekjur SFV 2018	21.100.000		




SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU


Ársreikningur 2017


Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2018

Stjórn:



Pétur Magnússon formaður


Björn Bjarki Þorsteinsson varaformaður


Margrét Árdís Ósvaldsdóttir ritari


Ásgerður Th. Björnsdóttir gjaldkeri


Anna Birna Jensdóttir meðstjórnandi



Sigurður Rúnar Sigurjónsson meðstjórnandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir starfsárið 2017 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 9. apríl 2018

Kjörnir skoðunarmenn:


Guðmundur Jóhannsson


Ingibjörg Ólafsdóttir

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur	Skýr.	2017	2016
Tekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		20.313.919	17.299.998
Greiðslur v/kostn. við persónuverndarverkefni	1	1.712.321	0
Aðrar tekjur		0	0
Tekjur alls		22.026.240	17.299.998
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld		17.668.996	16.630.360
Sérfr.kostnaður		0	124.320
Ráðstefnur		771.943	1.223.115
Heimasíða og sími		159.991	99.032
Leiga		604.299	558.659
Bankakostnaður		14.460	77
Annar kostnaður		206.626	464.255
Kostnaður vegna persónuverndarverkefnis	1	1.712.321	
Gjöld alls		21.138.636	19.099.818
Fjármagnstekjur/(gjöld)			
Vaxtagjöld			
Vaxtatekjur		216.384	221.685
Fjármagnstekjur/(gjöld) alls		216.384	221.685
Tekjuafgangur (halli) ársins	1	1.103.988	(1.578.135)
Efnahagsreikningur 31.12.2017		2017	2016
Eignir			
Bankainnistæður		14.707.241	3.094.147
Lífeyrisskuldbindingar eignfært		0	1.588.265
Eignir alls		14.707.241	4.682.412
Skuldir og eigið fé			
Viðskiptaskuldir		3.594.984	2.670.175
Inneign aðildarfélaga vegna persónuv.verkefnis	1	7.996.032	
Eigið fé 1.1.		2.012.237	3.590.372
Hagnaður (tap) ársins		1.103.988	(1.578.135)
Skuldir og eigið fé alls		14.707.241	4.682.412

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

1. Persónuverndarverkefni

Á árinu var stofnað sérverkefni um nýja persónuverndarlöggjöf.

Gerður var sérstakur samningur um verkefnið sem 25 aðildarfélög eru aðilar að.

Samningurinn er til 8 mánaða og rennur út í lok júní 2018. Aðildargjöld vegna samningsins eru að hluta til bókuð í rekstrarreikningi ársins 2017, eða kr. 1.712.321.

Hluti af aðildargjöldum vegna samningsins, eða kr. 7.996.032 eru bókuð sem skuldbinding, *Inneign aðildarfélaga vegna persónuv.verkefnis*.

Útlagður kostnaður verkefnisins fyrir árið 2017 var kr. 1.712.321.-

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sjóðstreymi fyrir árið 2017

Framlag til rekstrar af handbæru fé;

Hagnaður ársins	1.103.988
Hreint veltufé frá rekstri	1.103.988

Breyting innan veltufjárliða;

Viðskiptakröfur	1.588.265
Viðskiptaskuldir	924.809
	2.513.074

Handbært fé (til) frá rekstri **3.617.062**

Handbært fé í ársbyrjun **14.707.241**

Handbært fé í árslok **18.324.303**